



Laugarnesskóli – heildarmat á skólastarfi

Maí 2012
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Nanna K. Christiansen

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	4
Skólastarf.....	7
Námsárangur	7
Stjórnun	8
Skipulag skóladags	9
Samstarf við grenndarsamfélagið	9
Stefna og starfsáætlun	10
Nemendur og líðan	11
Stjórn nemendafélags	13
Reglur og agi	14
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	16
Verklag	19
Fjölbreyttar leiðir í námi	19
Kennsluhættir	19
Einstaklingsmiðað nám	23
Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir.....	23
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	25
Skólaþróun og mat	28
Virk upplýsingamiðlun.....	29
Heimasíða.....	30
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	31
Mannauður	32
Starfsánægja og líðan á vinnustað	32
Samstarf.....	34
Aðbúnaður	35
Símenntun og starfsþróun.....	35
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	36
Fjármál	38
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun.....	38
Fjárhagsleg staða skólans	38
Greining.....	39
Samantekt ábendinga.....	39
Heimildir	46
Fylgiskjöl.....	46

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Laugarnesskóla sem fram fór í mars 2012. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Laugarnesskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2011-2012. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Laugarnesskóla er Sigríður Heiða Bragadóttir og aðstoðarskólastjóri er Kristinn Svavarsson. Í Laugarnesskóla eru 419 nemendur í 1.-6. bekk skólaárið 2011-2012. Í skólanum eru nokkuð fleiri nemendur heldur en eiga lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum í Laugarnesskóla fjölgi heldur á næstu árum og þar verði um 465 nemendur árið 2015.¹

Í skólanum starfa 63 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 51 stöðugildi, þar af kennarar í 34,6 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 7,9 nemendur á hvert stöðugildi sem er hærra en í borginni í heild að meðaltali (6,5)². Ef aðeins er miðað við kennara í Laugarnesskóla eru um 12,1 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (9.1)³.

Kennsla hófst í Laugarnesskóla haustið 1935, skólann sóttu þá 214 börn á aldrinum átta til þrettán ára. Laugarnesskóli er teiknaður af Einari Sveinssyni húsameistara og er einn af elstu skólum Reykjavíkur. Fjölmennastur var skólinn á árunum 1950 og 1954 en þá voru tæplega 1800 nemendur í skólanum. Frá 1969 var hann eingöngu barnaskóli og frá haustinu 2002 fyrir 1.-6. bekk (Heimasíða. Laugarnesskóli).

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

¹ Nemendaspá gerð á Menntasviði haustið 2011.

² Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011 (tafla 77).

³ Sama (tafla 80).

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 27 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2011.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla

- Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2011-2012 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2011-2012 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með fræðslustjóra. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf

Námsárangur

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Laugarnesskóla vorið 2011 og var niðurstaða þess að 79% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns⁴ en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur var um 71%. Þetta er besta niðurstaða skólans til þessa. Eins og sjá má í töflunni hefur niðurstaða skólans oftast verið um eða yfir meðaltali Reykjavíkur á síðustu árum að árunum 2007-2008 undanskildum.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Lesskimun 2. bekkur							
Hlutfall sem les sér til gagns	74%	66%	57%	56%	70%	77%	79%
Reykjavík	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%

Meðalárangur nemenda í 2. bekk Laugarnesskóla vorið 2011 var 78% sem er rétt yfir meðalárangri allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (73%).

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2011 er nokkuð hærri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali og herra hlutfall nemenda í Laugarnesskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (79% miðað við 71%) í borginni allri.
- Niðurstaða skólans í lesskimun vorið 2011 er sú besta frá árinu 2005 en þá var niðurstaða skólans mest yfir meðaltali Reykjavíkur.

Stærðfræðiskimunin Talnalykill var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í grunnskólum í Reykjavík í nóvember 2011. Meðalárangur nemenda í Laugarnesskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitatalan 10,3 sem er lakari árangur en meðaltal allra grunnskólanna sem var 11,3. Árið 2010 var mælitatala í fyrsta þrepi í Laugarnesskóla 10,0. Mælitatala í öðru þrepi var töluvert lægri 2011 eða 9,8 samanborið við 11,9 árið 2010. Í Laugarnesskóla stóðust 68% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (73% í Reykjavík að meðaltali) nú, en 67% árið 2010. Af 78 nemendum sem tóku þátt í skimuninni töldust 2 þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði samkvæmt viðmiðum skimunarinnar en þar til viðbótar voru 6 nemendur sem voru rétt ofan við stuðningsviðmið.

	2007	2008	2009	2010	2011
Talnalykill 3. bekkur					
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta	73%	-	64%	67%	68%
Reykjavík	68%	66%	69%	72%	74%

Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Laugarnesskóla í nóvember 2011. Meðaltalsárangur var mælitatalan 10,3 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitatalan 11,3.

⁴ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

- Í Laugarnesskóla stóðust 68% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi sem er önnur besta niðurstaða skólans frá því hann hóf þátttöku í skimuninni.

Samræmd könnunarpróf

Þar sem nemendur skólans eru í 1.- 6. bekk er ekki reiknaður framfarastuðull fyrir þá. Einungis eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. bekk.

Meðaltalsárangur nemenda í Laugarnesskóla á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk haustið 2011 er nokkuð yfir meðaltali Reykjavíkur í íslensku en rétt undir meðaltali í stærðfræði. (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2011). Undanfarin ár hefur skólinn oftast verið alveg við meðaltal Reykjavíkur í íslensku, þó einu sinni hafi meðaltalið verið nokkuð undir (árið 2009). Í stærðfræði hefur meðaltal skólans oftast verið rétt undir meðaltali Reykjavíkur að árinu 2008 undanskildu.

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
4. bekkur							
Íslenska	31.0	30.5	30.2	30.3	27.5	30.70	31,8
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4
Stærðfræði	28.40	29.30	29.70	31.70	29.90	30.00	29,3
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Laugarnesskóla á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk haustið 2011 er nokkuð yfir meðaltali Reykjavíkur í íslensku en rétt undir meðaltali í stærðfræði.
- Skólinn er oftast rétt við eða undir meðaltali Reykjavíkur í íslensku og stærðfræði.

Stjórnun

Skólastjóri leggur áherslu á að vera faglegur leiðtogi og leiða faglegt starf í skólanum. Hún hefur átt frumkvæði að fjölda þróunarverkefna og kveikt áhuga starfsfólks á þeim. Hún fylgir því eftir að kennarar séu að vinna að þeim verkefnum og eftir þeim leiðum sem þeir hafa sammælt um í þróunarvinnunni. Hún vill einnig vera „mannlegur leiðtogi“ sem felst m.a. í því að sýna fólki áhuga og gera sér far um að kynnast því, bæði nemendum og starfsfólki.

Stjórnendateymi fundar vikulega, í því eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngri deilda og deildarstjóri sérkennslu. Aðstoðarskólastjóri er einnig deildarstjóri fyrir 5.-6. bekk, helstu verkefni hans varða daglega stjórnun skólastarfs, s.s forföll starfsfólks og hegðunarfrávik nemenda.

Skipurit skólans er á heimasíðu skólans, það endurspeglar gildandi fyrirkomulag í skólanum. Starfslýsingar eru einnig á heimasíðu, þar kemur fram að stefnt er að því að starfslýsingar séu til fyrir öll störf strax við ráðningu og þær endurskoðaðar með reglubundnum hætti

Fundartímar starfsmanna eru bundnir þrisvar í viku eftir kennslu fyrir samstarfsfundi árganga, starfsþróunarfundi og starfsmannafundi sem eru á föstum fundartíma ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði með þátttöku allra starfsmanna.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2012 töldu 93% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 54% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er marktækt hærri en að meðaltali í borginni.

Starfsmenn í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum og segja skólastjóra fylgjast vel með og hún er „góð að finna sterkar hliðar fólks“. Stjórnendur eru sýnilegir í skólastarfinu, en mættu gera meira af því að koma í skólastofur í heimsókn og veita endurgjöf. Starfsfólk segist fá hrós og hvatningu, en líka heyrist að stjórnendur mættu vera duglegri að hrósa, en „það er séð til þess að raddir allra í skólanum heyrist og það er hlustað á fólk“. Sérstaklega er tekið fram hve deildarstjórinn fylgist vel með og gott að leita til hennar.

Í viðhorfakönnun sem lögð var fyrir starfsmenn á haustönn 2011 segjast 83% vera sammála fullyrðingunni: Upplýsingastreymi á mínum vinnustað er gott og 85% sammála: Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt og/eða vinnustað.

Nemendur í rýnihópum þekkja skólastjóran, hún „labbar um skólann og þekkir krakkana með nafni“ og þau sjá skólastjórnendur í morgunsöngnum.

Skipulag skóladags

Skólahúsið og skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 til kl. 15:00 alla virka daga. Skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:30 og skóladegi lýkur kl.13:40 hjá 1.-4 bekk og kl.14:10 hjá 5.bekk og 6.bekk.

Morgunsöngur er á stundatöflu allra nemenda kl 9:05-9:10 alla daga. Frímínútur eru í 20 mínútur milli 3. og 4. stundar hjá öllum nemendum og 30 mínútur í hádegi í tengslum við matarhlé, þá eru frímínútur tvískiptar þannig að 1. og 2. bekkur er flesta daga á öðrum tíma en eldri nemendur.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja. Á töflu 1.-4. bekkjar eru skráðir um 30 tímar á viku og á töflu 5. og 6.bekkj 35 nemendatímar.

Skóladagurinn er skipulagður í mislangar lotur frá 35 og upp í 80 mínútur. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum. Verk- og listgreinar eru kennd í lotum yfir skólaárið.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Samstarf við foreldra er mikið og gott að sögn skólastjóra og foreldrafélagið sérstaklega öflugt núna.

Reglulegt samstarf er við leikskólana í hverfinu; stjórnendur og kennarar sem kenna elstu hópunum í leikskólunum og þeir sem kenna 1. bekk funda einu sinni á ári og stjórnendur leik- og grunnskóla auk þess einu sinni. Skólaheimsókn er fyrir elstu nemendur leikskólans að vori, en þau koma fyrst í heimsókn í desember og eiga stund á skólasafninu og þá hittir skólastjóri þau og spjallar og gengur með þeim um skólann. Að vori koma þau í heimsókn í bekki.

Stjórnendur í hverfinu hittast reglulega, m.a. með skóladagatalið. Í vetur er verið að vinna verkefnið: *Að byggja brú* milli Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla þannig að kennarar hafa hist til að skoða m.a. íslenskukennslu.

Stjórnendur Laugalækjarskóla koma í heimsókn til elstu nemenda Laugarnesskóla og kynna sig og skólann og svo fara þau þangað í eina heimsókn.

Tvisvar þrisvar yfir árið hittast allir sem stjórna stofnunum í hverfinu í tengslum við verkefnið: *Laugarnes á ljúfum nótum* sem sóknarprestur heldur utan um. Að vori síðan haldin stór hátíð með þátttöku allra í hverfinu.

Ábendingar

- Skólastjóri leggur áherslu á að vera faglegur leiðtogi og leiða faglegt starf í skólanum. Hún hefur átt frumkvæði að fjölda þróunarverkefna og kveikt áhuga starfsfólks á þeim.
- Stjórnendateymi fundar vikulega, í því eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngri deilda og deildarstjóri sérkennslu.
- Skipurit skólans er á heimasíðu skólans það endurspeglar starfsemina í skólanum. Starfslýsingar eru einnig á heimasíðu.
- Fundartímar starfsmanna eru bundnir þrisvar í viku eftir kennslu fyrir samstarfsfundi árganga, starfsþróunarfundi og starfsmannafundi sem eru á föstum fundartíma ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2012 töldu 93% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 54% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er marktækt hærrí en að meðaltali í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum og segja skólastjóra fylgjast vel með. Stjórnendur eru sýnilegir í skólastarfinu, en mættu gera meira af því að koma í skólastofur í heimsókn og veita endurgjöf.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólastjórann, hún „labbar um skólann og þekkir krakkana með nafni“ og þau sjá skólastjórnendur í morgunsöngnum.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja. Á töflu 1.- 4. bekkjar eru skráðir 30 tímar á viku og á töflu 5. og 6. bekkja 35 nemendatímar.
- Samstarf við foreldra er mikið og gott að sögn skólastjóra og foreldrafélagið sérstaklega öflugt núna.
- Reglulegt samstarf er við leikskólana í hverfinu, sem felst í fundum stjórnenda og kennara og heimsóknum sex ára barna í skólann.
- *Laugarnes á ljúfum nótum* er samstarfsverkefni allra stofnana í hverfinu, m.a. er haldin stór hátíð með þátttöku allra í hverfinu að vori

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun liggur ekki fyrir sem heildstætt skjal en upplýsingar á heimasíðu Laugarnesskóla um starf skólans eru að mestu leyti í samræmi við það sem birta skal í starfsáætlun skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011 og lögum um grunnskóla nr.91/2008 (sjá fylgiskjal; gátlisti um starfsáætlun). Æskilegt er að hægt sé að nálgast þessar upplýsingar undir yfirheitinu starfsáætlun á heimasíðu.

Stefna skólans kemur fram í stefnukorti, að baki liggur stefnumótunarvinna með þátttöku starfsfólks. Stefnukortið er birt á heimasíðu. Áherslur sem þar koma fram eru: Nám við hæfi hvers og eins; Skapandi skólastarf; Fjölbreytni val. sveigjanleiki; Lýðheilsa, öryggi, hreyfifærni og vellíðan; Gæði, mat og framfarir; Lýðræðislegt samstarf. Þessar áherslur eru síðan skilgreinda í víddunum: Innra starf og mannauður. Stefna skólans er í góðu samræmi við stefnumótun skólayfirvalda. Skoða þarf hvernig grunnþættir aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, birtast í skólanámskrá skólans.

Gildi skólans eru: Lífsgleði, Nám, Samvinna, Kærleikur. Þau mynda kjarnann í stefnukortinu og eru nánar skilgreind þar. Foreldrar þekkja gildi skólans en ekki endilega stefnuna að öðru leyti kemur fram í rýnihópi foreldra, „skólanum er treyst fyrir náminu“, segja foreldrar.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011 kemur fram að nær allir starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins.

Ábendingar

- Starfsáætlun liggur ekki fyrir sem heildstætt skjal en upplýsingar á heimasíðu Laugarnesskóla um starf skólans eru að mestu leyti í samræmi við það sem birta skal í starfsáætlun.
- Stefna skólans kemur fram í stefnukorti sem birt er á heimasíðu. Stefna skólans er í góðu samræmi við stefnumótun skólayfirvalda.
- Gildi skólans eru: Lífsgleði, Nám, Samvinna, Kærleikur. Þau mynda kjarnann í stefnukortinu og eru nánar skilgreind þar.
- Skoða þarf hvernig grunnþættir nýrrar aðalnámskrár birtast í skólanámskrá skólans.
- Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011 kemur fram að nær allir starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2011 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Laugarnesskóla (5. og 6. bekkur) sú að 3-4% stelpna nemenda svöruðu að þeim *liði ekki vel í kennslustundum* en niðurstaða hjá strákuum var sú að engum í 5. bekk leið ekki vel í kennslustundum en 20% stráka í 6. bekk. Í öðrum grunnskólum í Reykjavík er hlutfall nemenda sem líður ekki vel í kennslustundum 2-7% (Hagir og líðan, 2011).

Í þessari sömu könnun sögðu 23% stráka í 5. bekk að *námið væri oft eða alltaf of erfitt* samanborið við 7% stelpna. Kynjamunur í 6. bekk var minni, 12% stráka en 9% stelpna.

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.⁵

Í fyrirlögnum Skólapúlsins í Laugarnesskóla taka einungis elstu nemendur skólans þátt vegna aldurs og eru tvær fyrirlagnir á skólaárinu, í október og apríl. Á þessu skólaári dalaði ánægja af lestri nokkuð milli mælinga en er þó enn yfir landsmeðaltali og er skólinn ofarlega í samanburði sambærilegra skóla. Töluverður kynjamunur er á ánægju af lestri í 6. bekk skólans þar sem ánægja stelpna er meiri. Áhugi á stærðfræði er jafnari bæði milli mælinga og kynja. Stjórn á eigin árangri tók stökk í aprilmælingu og er nú marktækt yfir landsmeðaltali og eru stelpur heldur öruggari með sig en strákar. Persónulegt gildi náttúruvísinda mælist hátt í skólanum, bæði hjá strákuum og stelpum, er yfir landsmeðaltali og er skólinn langefstur í meðaltali sambærilegra skóla. Trú á eigin vinnubrögð í námi og á eigin námsgetu eru einnig

⁵ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

Þættir sem eru marktækt hærri en landsmeðaltal. Kynjamunur er ekki marktækur en stelpur hafa heldur hærra meðaltal í trú á eigin vinnubrögð meðan strákar hafa heldur hærra meðaltal í trú á eigin námsgetu.

Spurningar um líðan nemenda, s.s. kvíða, vanlíðan, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og einelti koma allar betur út í aprílmælingu skólans en í október. Oftast er skólinn rétt undir eða rétt yfir meðaltali sambærilegra skóla. Skólinn fylgir ekki alveg mynstri annarra skóla þar sem strákar mælast yfirleitt heldur jákvæðari á þessum þáttum en stelpur, líklega vegna þess að hér er einungis um 6. bekk að ræða og kynjamunurinn minni en í skólum þar sem eldri nemendur taka þátt.

Spurningar sem snúa að þátttöku í íþróttum og hreyfingu hafa komið lakar út hjá nemendum skólans en í meðaltali sambærilegra skóla en skólinn er jafn landsmeðaltali allra skóla. Stelpur virðast hreyfa sig mun minna en strákar í skólanum.

Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma almennt vel út og er skólinn yfir landsmeðaltali í fjórum af sex þáttum. Sérstaklega er meiri ánægja nemenda með aga og virka þátttöku í tímum. Nær enginn kynjamunur mælist í þessum spurningum.

Í foreldrakönnun 2012 töldu foreldrar í Laugarnesskóla líðan barna sinna í skólanum almennt mjög góða en um 96% sagði barninu líða alltaf eða oftast vel í kennslustundum og í skólanum almennt. Hlutfallið var heldur lægra þegar foreldra mátu líðan í frímínútum eða um 81%.

Af 92 foreldrum í Laugarnesskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun 2012 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum, sögðu 7 þeirra eða 8%, svo vera. Sé einnig skoðað hlutfall foreldra sem sögðu einelti hafa átt sér stað fyrir þann tíma fer hlutfallið í 11%. Þetta er mun lægra hlutfall en í síðustu foreldrakönnun. Meðaltalið fyrir skólana alla var 11% á síðustu 12 mánuðum. Þeir foreldrar sem sögðu barn þeirra hafa orðið fyrir einelti voru spurðir hvernig skólinn hefði tekið á málinu. Um 56% sögðu að skólinn hefði brugðist fljótt og vel við eineltinu, 33% sögðu að skólinn hefði brugðist vel en ekki nógu fljótt við og 11% sögðu að skólinn hefði ekki tekið á málinu. Í foreldrakönnun 2010 var sama hlutfall foreldra sem sagði skólann hafa tekið fljótt og vel á eineltinu. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var betri en niðurstaðan í borginni allri.

Nemendur á yngsta stigi sögðu að krökkum í skólanum liði mjög vel og töldu ekki vera einelti í skólanum. Allir í bekkjunum væru góðir vinir og þetta væri „eins og einhver fjölskylda“. Það væri gaman að hittast á haustin eftir sumarfrí og þá væri mikið verið að leika sér og tala saman.

Nemendur á miðstigi töldu einnig að krökkum liði vel í skólanum en að einelti hefði stundum komið upp. Það væri þó alltaf tekið á þannig málum.

Ábendingar

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2011 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Laugarnesskóla svipuð og í öðrum grunnskólum í Reykjavík þar sem flestum nemendum líður almennt vel að strákum í 6. bekk undanskildum. Strákum í 5. bekk fannst námið mun of erfið en öðrum nemendum sem spurðir voru.
- Í könnunum Skólapúlsins á skólaárinu hefur ánægja af lestri dalað nokkuð, en er þó yfir landsmeðaltali og meðaltali sambærilegra skóla.

- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út í vormælingu en haustmælingu skólans og er meðaltal skólans yfirleitt nálægt meðaltali sambærilegra skóla. Stelpur virðast hreyfa sig nokkuð minna en strákar.
- Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma almennt mjög vel út og er skólinn langt yfir meðaltali sambærilegra skóla og oft landsmeðaltali. Lítil kynjamunur er á þessum mælikvörðum.
- Foreldrar barna í Laugarnesskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt mjög góða, hlutfallið var lægra hvað snerti líðan í frímínútum.
- Í foreldrakönnun Laugarnesskóla 2012 sögðu 8% foreldra barn sitt hafa orðið fyrir einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum sem er mikil lækkun frá fyrri könnun 2010. Foreldrar eru ánægðari en almennt í öðrum skólum með hvernig tekið er á eineltinu í skólanum.
- Nemendur í rýnihópum tala flest um að allir séu vinir í skólanum, nemendum líði vel og lítið sé um einelti.

Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Nemendur Laugarnesskóla velja fulltrúa sína í svokallað Hugmyndaráð Laugarnesskóla. Í Hugmyndaráðinu sitja bekkjarfulltrúar úr 2.-6. bekk en hver bekkur á sinn fulltrúa í ráðinu. Nemendur hvers bekkjar kjósa sinn fulltrúa og varamann hans í byrjun hvers hausts. Nemandi sem fær flest atkvæði í kosningu er aðalbekkjarfulltrúi og sá sem næst flest atkvæði fær er varamaður.

Starfsmenn heildarmats fylgdust með fundum beggja Hugmyndaráðanna. Á fundi yngra ráðsins sátu átta nemendur og á fundi eldra Hugmyndaráðsins voru mættir sjö nemendur.

Á fundum beggja ráðanna komu fulltrúar inn á fundinn með sínar hugmyndir og hugmyndir annarra nemenda, t.d. um félagslíf skólans, mótuneyti og frímínútur. Eins kom fram að fulltrúarnir myndu aðstoða við að leggja könnun fyrir nemendur skólans um hvernig nemendur upplifi skólann sinn.

Fundunum stjórnaði umsjónarmaður Hugmyndaráðanna sem hefur gegnt því starfi í eitt ár og er kennari við skólann.

Eftir að fundunum lauk ræddi starfsmaður heildarmats við nemendafulltrúana og ritari skráði niður það helsta sem fram kom í svörum þeirra. Þeir gáfu upplýsingar um skipulag á starfi ráðanna.

Ákveðin dagskrá er fyrir fundina, umsjónarmaður Hugmyndaráðanna stjórnar fundunum, skrifar fundargerðir og minnir fulltrúa á að lesa þær fyrir næsta fund.

Eldra Hugmyndaráðið sagði frá því að takmarkaður áhugi hefði verið á því að bjóða sig fram til þátttöku. Einhverjir fulltrúanna hafa áður verið í Hugmyndaráði og sögðust hafa fengið

upplýsingar hjá umsjónarmanni Hugmyndaráðsins varðandi hvað starfið gengur út á. Þau sögðu að bæði aðalbekkjarfulltrúi og varamaður eigi að mæta á alla fundi en útfæra þyrfti það betur.

Yngra Hugmyndaráðið sagði að mikill áhugi hefði verið á þátttöku í ráðinu. Hjá þeim kom fram að ekki væri leyfilegt að hafa sífellt þá sömu í Hugmyndaráðinu og að aðalbekkjarfulltrúarnir yrðu að vera nýir á hverju ári. Fulltrúar yngra Hugmyndaráðsins sögðu að þau hefðu einnig fengið leiðbeiningar frá umsjónarmanni um hvernig ráðið virkar og hvað það þýði að vera í því.

Hjá báðum ráðunum er fundað þrisvar í mánuði og stundum hittast ráðin saman og funda. Eldra hugmyndaráðið hittir reglulega skólastjóra og yfirmann skólamötuneytis þegar ræða þarf sérstök mál þeim tengd. Viðmælendur kvörtuðu yfir því að yfirmaður skólamötuneytis tæki sjaldan tillit til hugmynda nemenda.

Fulltrúar í eldra Hugmyndaráðinu litu svo á að þau væru tengiliðir nemenda við skólann og að í gegnum þá fengi rödd nemenda að heyrast. Litu viðmælendur svo á að slíkt stuðlaði að framförum í skólanum. Spurt var um val í skólaráðið og svöruðu fulltrúar í eldra Hugmyndaráðinu því til að skólastjóri spyrði fulltrúa í eldra Hugmyndaráðinu hverjir hefðu áhuga á því að vera í skólaráði. Þannig eru skólaráðsfulltrúar alltaf einhverjir úr eldra Hugmyndaráði. Fulltrúar í skólaráði sem eru þrír talsins, sitja að hámarki í tvö ár í skólaráðinu.

Nýlega vann Hugmyndaráðið að könnun meðal nemenda á frímínútum og skólalóð, matnum, félagslífi og samskiptum og kenningu og námi, þátttakendur áttu að nefna kosti við hvern þátt og hvað má bæta. Margar ábendingar koma fram um það sem betur má fara, samhljóma álit er að maturinn sé góður og kokkurinn góður.

Ábendingar

- Nemendur Laugarnesskóla velja fulltrúa sína í svokallað Hugmyndaráð Laugarnesskóla. Í því sitja bekkjarfulltrúar úr 2.-6. bekk en hver bekkur kys sinn fulltrúa og varamann hans.
- Á fundum beggja ráðanna komu fulltrúar með sínar hugmyndir og annarra nemenda, t.d. um félagslíf skólans, mötuneyti og frímínútur
- Hjá báðum ráðunum er fundað þrisvar í mánuði og stundum hittast ráðin saman og funda.
- Eldra hugmyndaráðið hittir reglulega skólastjóra og yfirmann skólamötuneytis þegar ræða þarf sérstök mál þeim tengd.
- Fulltrúar í eldra Hugmyndaráðinu líta svo á að þau séu tengiliðir nemenda við skólann og að í gegnum þá fái rödd nemenda að heyrast.
- Skólaráðsfulltrúar eru alltaf einhverjir úr eldra Hugmyndaráði

Reglur og agi

Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans undir skólanámskrá. Þar kemur fram að lögð er áhersla á að byggja upp jákvæðan starfsanda í samvinnu allra sem starfa í Laugarnesskóla. (Skólanámskrá, skólareglur). Reglurnar uppfylla að nær öllu leyti þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 1040/2011), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.

Skólareglurnar eru skýrar og sýnilegar að mati starfsfólks og umgengnisreglum er fylgt eftir. Bekkjarreglur setja sumir kennarar hjá sér og þá í samráði við nemendur. Viðbrögð við agabrotum eru skýr að mati kennara.

Unnið er eftir PBS-stefnu sem er heildstætt vinnulag sem styður skóla við að koma á góðum og jákvæðum aga. Tilgangurinn með PBS er í fyrsta lagi að auka félagsfærni og nám með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun. Í öðru lagi er tilgangurinn að draga úr óæskilegri hegðun með því að búa til skýrar og fyrirsjáanlegar reglur um afleiðingar. Í þriðja lagi að samræma aðgerðir starfsfólks skóla til þess að auka æskilega hegðun og koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegri hegðun. Kerfið miðar að því að allir stafsmenn skóla komi að mótun og viðhaldi æskilegrar hegðunar í skóla. Ásamt PBS er forvörnum skipt í fjóra meginþætti sem snúa sérstaklega að nemendum, samstarfi innan og utan skólans og forvörnum sem hluta af námi (Skólanámskrá, forvarnarstefna).

Kerfið „gengur út á styrkingu og hrós“ segir í rýnihópi kennara, börnin safna smellum og fá umbun þegar ákveðnu marki er náð. Kerfið er að sögn kennara virkt og hefur verið notað sl. 6-7 ár, þó eru ekki allir kennarar sammála þeirri hugmyndafræði sem býr að baki kerfinu, kemur einnig fram.

Skólabragur er jákvæður að mati rýnihópa og byggir á virðingu, en hegðun nemenda misjöfn og ólík eftir árgöngum.

Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur „höfum heyrt þær þúsund sinnum“ og þeim finnst þær „sanngjarnar og fínar“. Smellir eru líka fínir, segja þau, en „sumir kennarar gefa fáa og sumir of marga“.

Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2012 kom fram að um 87% svarenda í Laugarnesskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (80%). Foreldrar í rýnihópi segja að PBS kerfið sé að virka og það ríki jákvæður agi í skólanum.

Ábendingar

- Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans undir skólanámskrá. Þar kemur fram að lögð er áhersla á að byggja upp jákvæðan starfsanda í samvinnu allra sem starfa í Laugarnesskóla. (Skólanámskrá, skólareglur). Reglurnar uppfylla að nær öllu leyti þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 1040/2011), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.
- Skólareglurnar eru skýrar og sýnilegar að mati starfsfólks og umgengnisreglum er fylgt eftir. Bekkjarreglur setja sumir kennarar hjá sér og þá í samráði við nemendur.
- Unnið er eftir PBS-stefnu sem er heildstætt vinnulag sem styður skóla við að koma á góðum og jákvæðum aga og „gengur út á styrkingu og hrós“ eins og segir í rýnihópi kennara.
- Skólabragur er jákvæður að mati rýnihópa og byggir á virðingu, en hegðun nemenda misjöfn og ólík eftir árgöngum.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur „höfum heyrt þær þúsund sinnum“ og þeim finnst þær „sanngjarnar og fínar“. Smellir eru líka fínir, segja þau, en „sumir kennarar gefa fáa og sumir of marga“.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

- Í foreldrakönnun 2012 kom fram að um 87% svarenda í Laugarnesskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (80%).

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í handbók Laugarnesskóla sem er á heimasíðu undir skólanámskrá setur skólinn fram hagnýtar upplýsingar um starfsemi skólans til heimila nemenda. Í skólanámskrá eru upplýsingar um flest það sem við kemur stefnu skólans og framkvæmd skólastarfs, náms og kennslu.

Í foreldrakönnun 2012 svöruðu 92 foreldrar í Laugarnesskóla af 133 í úrtaki, sem er 69% svörun. Svarhlutfallið var um 71% fyrir alla grunnskólana í borginni.

Helstu niðurstöður voru þær að 91% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 51% vera mjög ánægð. Heildaránægja foreldra með grunnskóla í Reykjavík var um 84%. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og árið 2010 þegar könnunin var síðast gerð. Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með Laugarnesskóla hefur verið um og yfir 90% frá árinu 2008 og er hlutfall foreldra sem eru *mjög ánægðir* eitt það hæsta í grunnskólum borgarinnar. Það eru frábærar niðurstöður fyrir skólann.

Í spurningu um stjórnun skólans töldu 93% foreldra skólanum vera vel stjórnað og hækkar hlutfallið úr 88% árið 2010. Marktækt fleiri eru ánægðir með stjórnun skólans heldur en í öðrum grunnskólum.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum árið 2012 eða oftast í hringum 80-88%. Þó munurinn sé ekki marktækur þá var hlutfall ánægðra foreldra heldur lægra en í öðrum skólum að meðaltali. Mestu munaði á ánægju með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekk sem lækkaði töluvert milli ára í skólanum og er komið nokkuð undir meðaltal annarra skóla.

Um 78% svarenda fannst skólinn gera hæfilegar námslegar kröfur til barnsins síns og 73% fannst heimavinna barnsins hæfileg. Þetta eru svipaðar tölur og í öðrum grunnskólum borgarinnar. Fleiri voru ánægðir með áherslur í agamálum en í öðrum grunnskólum eins og komið hefur fram.

Sé miðað við könnunina 2010, þá eykst ánægja foreldra með möguleika á tómsundaiðkun að loknum skóladegi, ánægja með foreldraviðtal eykst sem og ánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar. Ánægja minnkar með gæslu á skólalóð, skólamáltíðir og færri foreldrar telja námsmat skólans gefa nægjanlegar upplýsingar um stöðu barnsins.

Í heildina kom skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2012. Langflestir voru ánægðir með lykilþætti í skólastarfinu og töldu skólanum vel stjórnað sem hefur verið stöðug niðurstaða fyrir skólann í viðhorfsskönnunum undanfarin ár. Þá var ánægja með umsjónarkennara mikil og jákvæðar niðurstöður í spurningum um líðan og einelti.

Foreldrar í rýnihópi telja samskipti opin og þægileg við starfsfólk og stjórnendur í skólanum og vilji sé til að hlusta á hugmyndir foreldra um skólastarfið. Þeir telja starfsfólk áhugasamt fyrir því að fá foreldra inn í skólastarfið og verið sé að móta stefnu í þeim málum. Foreldrar heimsækja bekk með reglulegum hætti s.s. til að kynna vinnustaði, hljóðfæri, áhugamál eða til að aðstoða í tímum. Þeim finnst mikið lagt upp úr samheldni og nefna dæmi þar sem

foreldrar hafa komið inn til aðstoðar ef eitthvað bjáti á í bekkjarstarfinu. Þau nefna líka verkefni um vinnufélagskyldur sem hafi gefið góða raun og hóp foreldra sem nefnist Þorpið – þekkingarsamfélag.

Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er að þar fari saman ákveðin íhaldssemi og þróunarstarf sem vinni vel saman. Rótgrónar hefðir og listastarf geri mikið fyrir skólastarfið. Einnig er virk samvinna við nærsamfélag skólans, íþrótt- og æskulýðsfélög af öllu tagi. Kennarar hafi metnað fyrir hönd barnanna og hafi trú á þeim.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjú fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir skrifaðar eftir fundi og birtar á heimasíðu skólans. Á þessu skólaári er þar að finna þrjár fundargerðir ráðsins, frá október, nóvember og mars.

Foreldrar í rýnihópi segja samvinnu í skólaráðinu góða og þeir fá góða innsýn í skólastarfið með setu sinni þar. Til dæmis sé rætt um skólanámskrá, skóladagatal og upplýsingamiðlun til foreldra, framkvæmdir við skólalóð og fleira. Foreldrarnir telja að ekki viti margir um fulltrúa foreldra í ráðinu og verkefni þess og foreldrar leiti beint til skólastjóra eða foreldrafélags með mál. Í foreldrakönnun Laugarnesskóla 2012 sögðust 26% foreldra þekkja fulltrúa foreldra í skólaráði.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, á heimasíðu kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum eru félagar. Þar eru einnig talin upp helstu verkefni foreldrafélagsins og foreldrar hvattir til að vera virkir í foreldrastarfi skólans sem leiði til þess að árangur og líðan barna verði betri. Foreldrar í rýnihópi telja skólann vera áhugasaman um foreldrasamstarf og foreldrum er boðið á margar sýningar, bekkjarkvöld og aðrar uppákomur sem almennt er góð mæting á. Kennarar fá greitt fyrir árlegt bekkjarkvöld sem skipulagt er með bekkjarfulltrúum og stefnt sé að aukinni samvinnu bekkjarfulltrúa og kennara. Um 30 foreldrar hafa mætt á aðalfundi félagsins en fleiri á aðra viðburði, s.s. örnámskeið. Einnig leggi skólinn áherslu á að foreldrar nemenda í 1. bekk kynnist.

Foreldrafélagið hefur umsjón með nokkrum föstum árlegum viðburðum, s.s. í kringum jól, páskabingói, heilsuviku og öskudagsskemmtun. Félagið kemur einnig að hverfahátíð, skólafærninámskeiði og fleiri samvinnuverkefnum aðila í hverfinu. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um stjórn félagsins og helstu verkefni þess.

Ábendingar – skólinn hvetur til samstarfs.

- Í heildina kemur skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2012. 91% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann og 93% foreldra telja skólanum vera vel stjórnað. Skólinn hefur undanfarin ár komið vel út í þessum spurningum.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum fyrir árið 2012 en þó aðeins undir meðaltali borgarinnar. Sérstaklega mætti skoða upplýsingagjöf til foreldra um líðan og félagsanda í bekk.
- Um 78% svarenda fannst skólinn gera hæfilegar námslegar kröfur til barnsins síns sem er svipað og í öðrum grunnskólum en fleiri foreldrar voru ánægðir með agamál í Laugarnesskóla en að jafnaði í öðrum skólum.
- Miðað við könnunina frá 2010 voru jákvæðar niðurstöður um líðan nemenda og einelti en ánægja foreldra með gæslu á skólalóð og námsmat í skólanum minnkaði.

- Foreldrar í rýnihópi telja samskipti opin og þægileg við starfsfólk og stjórnendur í skólanum og vilji sé til að hlusta á hugmyndir foreldra um skólastarfið. Þeir telja starfsfólk áhugasamt fyrir því að fá foreldra inn í skólastarfið.
- Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er að þar fari saman ákveðin íhaldssemi og þróunarstarf sem vinni vel saman. Kennarar hafi metnað fyrir hönd barnanna og hafi trú á þeim.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrar í rýnihópi eru segja samvinnu í skólaráðinu góða og þeir fái góða innsýn í skólastarfið með setu sinni þar. Fleiri foreldrar mættu þekkja hlutverk og fulltrúa skólaráðsins en foreldrar leiti beint til skólastjóra eða foreldrafélags með mál.
- Ágæt virkni er í foreldrafélagi skólans og foreldrar telja skólann styðja vel við foreldrasamstarf og hvetja til þess. Verið er að móta stefnu um foreldrasamstarf.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á nám við hæfi hvers og eins í framkvæmd kennslunnar og í skólaþróun. Leiðarljósið er fjölbreyttir og skapandi starfshættir þar sem nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, sjálfstæði í námi og bæta árangur sinn (Skólanámskrá, handbók).

Í handbók segir einnig eftirfarandi um nám í Laugarnesskóla:

- finna nemendur að kennarar hafa miklar væntingar til þeirra um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur
- finna nemendur að starfsfólk skólans sýnir þeim hlýhug og umhyggju
- vita nemendur um ábyrgð sína og skyldur
- þekkja nemendur reglur um umgengni og vinnubrögð og fara eftir þeim.

Námsvísar fyrir hverja námsgrein birtast á heimasíðu undir skólanámskrá. Þar er tilgreint hverjar eru megináherslur og markmið fyrir hvern árgang. Í flestum greinum koma fram markmið úr aðalnámskrá fyrir hvern undirþátt greinarinnar, námsgögn, kennsluhættir eða leiðir og námsmat.

Kennsluhættir

Í vettvangsheimsóknnum voru nemendur á yngsta stigi oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara. Stofur þeirra eru litlar en bjartar og flestar ríkulega útbúnar með verkefnum nemenda ásamt leiðbeiningum og fyrirmælum um vinnubrögð. Samskipti nemenda eru almennt vinsamleg og agastjórnum kennara góð. Víða eru námsmarkmið nemenda sýnileg (Fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Nemendur í rýnihópi á yngra stigi sögðu kennarana í skólanum góða og þá „kunna að kenna“ þannig að krakkarnir skildu þá. Um kennsluhættina nefndu þau flest að kennarinn stæði við töfluna og útskýrði efnið, sérstaklega í sumum greinum „...þeir eru eins og segull við töfluna þegar þeir kenna deilingu, ummál og flatarmál“. Einnig töluðu þau um að hægt væri að vera staddur á mismunandi stöðum í námsefninu og ólík verkefni í gangi í skólastofunni á sama tíma.

Stofur 5. bekkjar eru á jarðhæð í gamla skólanum. Stofurnar eru litlar og þétt setnar þó bekkirnir séu ekki stórir. Nokkur samvinna er milli bekkja og nemendur blandast t.d. í stærðfræði í getuskipta hópa. Námsver er staðsett á milli stofanna og auðvelt fyrir nemendur að sækja þangað. 6. bekkirnir þrír eru í nýju álmunni í þremur stofum og nýta einnig miðsvæðið fyrir einstaklinga eða hópa í vinnu. Annars er miðsvæðið fyrir frístundina eftir að skóla lýkur hjá yngri nemendum. Flokkunarkassar eru í hverri stofu og þær virðast ríkulega útbúnar námsgögnum og tækjum. Í öllum stofunum er uppi við spjöld með yfirskriftinni: Góður kennari er ...; Í góðri kennslustund er... og Góð kennslustofa er ... Einnig er rýmingaráætlun í öllum stofum (Fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Nemendur í rýnihópi á miðstigi sögðu kennarara þekkja kennsluefnið vel og það væri fjölbreytni í kennslunni. Sérstaklega voru þau ánægð með vettvangsferðir til að kenna námsefnið. Mikið væri um verkefnavinnu og hópavinnu sem oft enduðu með sýningum.

Sumum fannst of mikil heimavinna þar sem þau hefðu stundum ekki tíma til að sinna tómskundastarfi sínu.

Nemendurnir sögðu vinnufrið ágætan en sumir „nenntu ekki að læra og eru þá háværir“. Oftast voru þau ánægð með agastjórnun kennara en að sýna þyrfti virðingu á báða bóga. Einnig mætti sérmennta sig í að umgangast krakka sem eru með sérþarfir. Bestu kennararnir væru þeir sem sýndu jafnvægi bæði í agastjórnun og kennslu þannig að stundum mættu nemendur sjálfir ráða hvernig þeir ynnu verkefni. Þau gátu nefnt dæmi um markmiðasetningu og námstækni.

Í rýnihópi kennara kemur fram að áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti og fjöldi þróunarverkefna hafa verið unnin á sl. 10 árum. Nú er verið að innleiða þróunarverkefni í íslenskukennslu í samstarfi við Ardleigh Green-skólann, notuð eru svokölluð amboð/bjargir og sett upp á vegg, þ.e. fyrirmæli og leiðbeiningar um vinnubrögð og verklag. Í 1.-4. bekk er unnið að verkefni *Byrjendalæsi* og hefur svo verið í sl. 4 ár, „sem hefur gert námið og starfið skemmtilegra, það er meira skipulag, meiri vinnugleði í börnunum og starfið nær til fleiri nemenda“. Við erum nýjungagjörn um leið og við höldum í ákveðnar hefðir, segir kennari.



Samvinnunám er markvissst notað í sumum námsgreinum að sögn kennara og þemaverkefni stór þáttur í námi sérstaklega í samfélagsgreinum.

Foreldrar í rýnihópi töldu að kynna mætti betur fyrir þeim markmiðasetningu í námi og hvernig hægt væri að gera námsáætlun með barninu. Mögulega mætti lengja foreldraviðtöl í þessum tilgangi.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 38% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögnum/umræður voru í um 25% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst. Markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 15% tilvika.⁶

	Alls	1.-4.b	5.-7.b	list-verk
Bein kennsla/innlögnum/umræður	13	6	6	1
Verkefnavinna undir stjórn kennara	20	11	8	1
Þemavinna	2	2		
Verklegt-	5	2	0	3
Sköpun - tjáning	5	1	1	3
Tilraunir	0			
Markviss samvinna í hóp	5	4	1	
Sjálfstæð vinna nemenda, að e-u leyti að eigin vali	3	1	1	1
Bekkjarfundir	0			
Farið yfir heimavinnu	0			

⁶ Í hverri stund er merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.



Til samanburðar er skipting að meðaltali í þeim skólum sem heildarmat hefur farið fram síðan í byrjun árs 2010.

Sérstaða skólans

Í skólastefnu skólans er sérstaða skólans tilgreind sem: Hlýlegt og aðlaðandi umhverfi og gott samstarf við foreldra og grenndarsamfélag. Fjölbreyttir kennsluhættir og skapandi skólastarf. Alúð lögð við menningararf skólans. Umhverfisvitund. Námsmat sem endurspeglar fjölbreytileika nemenda og styrkir þá í sjálfstæðum vinnubrögðum. Jákvæð agastjórnun. Vel menntað starfsfólk (Heimasíða, skólastefna).

Að mati kennara í rýnihópum felst sérstaða skólans m.a. í því að hann er yngri barna skóli og að sett eru markmið í lestrarkennslu. Einnig er nefnd umhverfisvernd, það eru sett upp leikrit, við erum með morgunsöng og staðsetning skólans hjálpar við útikennslu. Skólasel í Katlagili mótar líka sérstöðu skólans, þar er hægt að nýta viðinn og „það er hoggið og heflað með öllum árgöngum“. Enginn skóli á landareign eins og Laugarnesskóli, segir einnig, og þangað er farið bæði vor og haust með alla árganga. Það er mismunandi eftir árum hvernig svæðið er notað fyrir kennslu uppi í Katlagili. Í 4.bekk læra þau um vatnið og svo um landnámið og svo er verklegt kennsla þar.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinar eru kenndar í 6-7 vikna lotum. Árgangurinn skiptist í hópa sem fylgjast að. Þrjár list- og verkgreinastofur eru í nýrri álmu skólans og er innangengt milli þeirra.

Í vettvangsheimsóknnum í list- og verkgreinatíma mátti sjá áhugasama og virka nemendur, en ekki sáust merki um að tækifæri til samvinnu milli greina væru nýtt.

Val í 2.-6. bekk

Í 2.-6. bekk eru valstundir og markmiðið með þeim er að nemendur geti valið sér fjölbreytt, skapandi eða hlutbundin verkefni út frá sínum styrkleika og áhuga. Nemendahópar eru aldursblandaðir og því gefst nemendum tækifæri á að kynnast nemendum annarra bekkja og árganga. Nemendur eru á valsvæði einu sinni í viku tvo tíma í senn. 2.-4. bekkur og 5.-6. bekkur vinna saman. Vetrinum er skipt í þrjú tímabil og eru níu - fjórtán valsvæði í gangi á hverjum tíma. Hver nemandi velur nokkur svæði af þeim sem í boði eru og raðar deildarstjóri nemendum á svæði samkvæmt óskum nemenda og viðmiðunum um hópastærðir (Heimasíða. Handbók).

Þegar matið fór fram áttu nemendur í 2.-4. bekk kost á að velja milli fjölbreyttra viðfangsefna 2 tíma á viku á þrettán valsvæðum. Í öllum valhópum var árgöngum blandað og eins voru bæði kynin í öllum hópum. Eftirfarandi valsvæði voru í boði á þeim tíma sem matið fór fram: Brauð og kökur, danska, dásamlegt dót úr drasli, hugleiðsla og jóga, fótbolti, rathlaup, saumar, skák, smíði, spil, tölvur og þjóðdansar.

Skólasafn

Samkvæmt námsvísunum er unnið að markmiðum í upplýsingalæsi á skólasafni og í tölvustofu sem tengd er safninu.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu er kennsla á skólasafninu er með hefðbundnum hætti og kennt á þremur önnum. 2., 3. og 4. bekkir fá fasta tíma á safninu, 5. og 6. bekkir fá afnot af 4 tölvum skólasafnsins og aðstoð við heimildaöflun. Allir nemendur og starfsmenn taka þátt í lestrarátaki sem fer fram í mars að þessu sinni og standa í 2 vikur. Í lok lestrarátaksins eru verðlaun veitt, lestrarbikarinn, þeim árgangi sem stendur sig best.

Haldið er upp á sérstaka daga á skólasafninu s.s. alþjóðlegan dag læsis 8. september, hinn alþjóðlega bangsaday 27. október, norræna bókasafnsviku í nóvember, alþjóðadag barnabókarinnar í apríl, viku bókarinnar og bókasafnsdaginn en hann er haldinn hátíðlegur þann í apríl.

Það er venja að leikskólarnir í hverfinu, Laugaborg, Lækjaborg og Hof sæki Laugarnesskóla heim í desember þar sem þau kynnast skólasafninu og hlusta á sögu.

Námsmat

Í námsmatstefnu Laugarnesskóla sem birt undir skólanámskrá á heimasíðu skólans kemur fram að námsmat er bæði formlegt og óformlegt. Formlegt námsmat felur í sér samræmd próf í 4. bekk, könnunarpróf, stöðupróf, ritgerðir og mismunandi verkefni sem skilað er á ýmsu formi í samræmi við viðfangsefni nemenda hverju sinni. Nemendur í 4. bekk taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður úr prófunum eru sendar heim með nemendum.

Óformlegt mat er samofið kennslunni og markmið þess er að leggja mat á vinnubrögð, bæði í skólanum og heima. Matið er samofið námi og kennslu og notað til að leiðbeina nemandanum um hvað vel er gert og hvað má betur fara. Til þess eru notaðar gullakistur, verkmöppur,

gátlistar, dagbækur, samtöl við nemendur, jafningjamat og virkniathuganir. Ljóst er að sumir þættir námsmatsins eru og verða alltaf huglægari en aðrir. Vægi hvers þáttar er háð aldri, viðfangsefni og aðstæðum einstaklingsins.

Námsmat Laugarnesskóla á að vera byggt á námsmarkmiðum viðkomandi greinar og taka mið af aldri og þroska hvers og eins. Þar sem ekki er rétt né sanngjarnt að meta alla með sömu mælistikunni er nauðsynlegt að áherslumunur sé í mismunandi námsgreinum og árgöngum þrátt fyrir að megináðferðirnar séu hinar sömu fyrir alla nemendur skólans. Markvisst námsmat á að koma nemanda, foreldrum og kennurum til góða við frekara skipulag náms. Skólaárinu í Laugarnesskóla er skipt í þrjár annir og í lok hvernna annar fá foreldrar og nemendur yfirlit yfir stöðu nemandans (Heimasíða, skólanámskrá).

Í námsvísunum greina kemur fram að notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að meta árangur og framfarir, s.s. skipulegar athuganir (Læsi), verkhöppur, sjálfsmat, umræður og viðhorfakannanir (Námsvísir, íslenska).

Nemendur á yngsta og miðstigi safna reglulega verkefnum í verkhöppur sem sýna hvað í þeim býr. Verkhöppurnar eru síðan settar í gullakistur nemenda sem eru geymdar í skólanum í nokkur ár og sýndar foreldrum í lok hvers skólaárs. Stöðugt eftirlit er með vinnu nemenda og framförum í samræmi við þau markmið sem sett eru í kennslunni og nemendur setja sér.

Á vitnisburðablaði nemenda er lagt mat á virkni annars vegar og færni/leikni hins vegar ásamt umsögn í orðum fyrir hverja námsgrein. kvarðinn er fjórskiptur; mjög gott, gott, sæmilegt, þarf að bæta og á blaðinu kemur einnig fram samsvarandi kvarði í tölum og orðum. Vitnisburðablaðið gefur þannig skýra mynd af stöðu nemandans í hverri grein.


Einstaklingsmiðað nám

Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í Laugarnesskóla felast ekki í því að auka aðgreiningu og koma á getuskiptingu heldur einkum og sér í lagi í að aðlaga nám og kennslu að hæfileikum og áhuga hvers og eins. Sveigjanlegt skólastarf, hefðbundin kennsla, uppgötvunarnám, hópastarf og margt fleira eru hugtök sem lýsa kennslunni í Laugarnesskóla (Skólanámskrá, handbók). Í rýnihópi kennara kemur fram að námsefnið er aðlagað að nemendum og létt eða þung verkefni fylgja sama viðfangsefni.

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn vel áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 4 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 28 kennslustundir í 1.-6. bekk og þær allar metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 11% stunda frábærar, 71% góðar, 18% viðunandi og engin óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Ábendingar

- Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á nám við hæfi hvers og eins í framkvæmd kennslunnar og í skólaþróun. Leiðarljósið er fjölbreyttir og skapandi starfshættir. Gildi skólans eru: Lífsgleði, Nám, Samvinna, Kærleikur.
- Námsvísar fyrir hverja námsgrein birtast á heimasíðu undir skólanámskrá. Þar er tilgreint hverjar eru megináherslur og markmið fyrir hvern árgang.
- Í rýnihópi kennara kemur fram að áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti og fjöldi þróunarverkefna verið unnin á sl. 10 árum.
- Nemendur í rýnihópi á yngra stigi sögðu kennarana í skólanum góða og þá „kunna að kenna“ þannig að krakkarnir skildu þá. Um kennsluhættina nefndu þau flest að kennarinn stæði við töfluna og útskýrði efnið.
- Nemendur í rýnihópi á miðstigi sögðu kennarara þekkja kennsluefnið vel og það væri fjölbreytni í kennslunni. Sérstaklega voru þau ánægð með vettvangsferðir til að kenna námsefnið. Mikið væri um verkefnavinnu og hópavinnu sem oft enduðu með sýningum.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 38% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 25% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 15% tilvika
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 11% stunda frábærar, 68% góðar, 21% viðunandi og engin óviðunandi.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.

- Að mati kennara í rýnihópum felst sérstaða skólans m.a. í því að hann er yngri barna skóli og að sett eru markmið í lestrarkennslu. Einnig er nefnd umhverfisvernd, það eru sett upp leikrit, við erum með morgunsöng og staðsetning skólans hjálpar við útikennslu. Skólasel í Katlagili mótar líka sérstöðu skólans.
- Í 2.-6. bekk eru valstundir og markmiðið með þeim er að nemendur geti valið sér fjölbreytt, skapandi eða hlutbundin verkefni út frá sínum styrkleika og áhuga.
- Í námsmatstefnu Laugarnesskóla sem birt undir skólanámskrá á heimasíðu skólans kemur fram að námsmat er bæði formlegt og óformlegt. Vitnisburður er gefinn fyrir virkni annars vegar og færni/leikni hins vegar ásamt umsögn í orðum fyrir hverja námsgrein.
- Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í Laugarnesskóla felast í að aðlaga nám og kennslu að hæfileikum og áhuga hvers og eins. Skólafarið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn vel áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 4 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Í kafla um stoðþjónustu á heimasíðu skólans kemur fram að skólinn fylgir meginmarkmiðum stefnu Reykjavíkurborgar um að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og Aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best (Heimasíða, stoðþjónusta).

Deildarstjóri í hlutastarfi stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma, sem eru stuðningsfulltrúar, sérkennarar og þroskaþjálfar. Deildarstjóri fundar með sérkennurum einu sinni í mánuði og fastir fundir eru með stuðningsfulltrúum einu sinni í viku. Samstarfið er gott við deildarstjóran að mati rýnihóps „hún er alltaf tilbúin að hlusta“.

Skóli án aðgreiningar er „fín stefna á blaði, en það er ekki hægt að halda þessu uppi vegna peningaskorts“, segir í rýnihópi um sérkennslu. Í skólanum birtist skóli án aðgreiningar í margbreytileikanum, segir einnig, komið er til móts við nemendur með fjölbreyttum kennsluháttum. Viss aðgreining felst í því að nemendur eru teknir úr tímum í námsver, en stuðningsfulltrúar fylgja einnig nemendum inn í skólastofur.

Deildarstjóri og sérkennarar ásamt bekkjarkennurum yfirfara umsóknir um sérkennslu að vori og leggja mat á þörf út frá þeim og niðurstöðum prófa og athugunum. Þörf fyrir aðstoð stuðningsfulltrúa er metin út frá greiningum sem fylgja nemendum og upplýsingum frá leikskólum en þeir eru einkum til stuðnings fötluðum nemendum og nemendum með miklar sérkennsluþarfir (Heimasíða, stoðþjónusta).

Skipulag sérkennslu

Sérkennsla og stuðningur fer ýmist fram inni í bekk, í námsveri eða í hegðunarveri. Í námsveri er sérkennsla sem er þjónustar tvítyngdu börnin, svo er hegðunarver fyrir börn með hegðunarvanda eða kvíða, segir í rýnihópi um sérkennslu. Einstaka nemendur verja miklum hluta námstímans í hegðunarveri. Almennu eru nemendur jákvæðir fyrir því að fara í námsver og hegðunarver.

Móttökuáætlun er á heimasíðunni og sérstakt móttökufæri er fyrir erlend börn og fyrir þau sem víkja frá. Meginþungi sérkennslu er í íslensku og stærðfræði en hún getur einnig tengst öðrum námssviðum til dæmis hreyfingu. Mikil áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmýnd nemandans og að honum líði vel í skólanum. Í sérkennslunni er lögð áhersla á að greina námsstöðu nemendanna snemma á skólagöngunni eða skólaárinu og koma þar með betur til móts við þarfir þeirra (Heimasíða, stoðþjónusta).

Stuðningur í stærðfræði felst í því að árgangi er getuskipt tímabundið og farið í ákveðna þætti, þá eru 4 kennarar fyrir árganginn í staðinn fyrir þrjá annars. Unnið er í lotum í færnimiðuðum hópum.

Tvítyngdir nemendur samlagast ekki nógu vel hópnum að mati rýnihóps. Málskilningur og tjáning er slök hjá þeim mörgum, þau fara almennt ekki í frístund eftir skóla og hópa sig mikið saman. Þau missa því tengslin við aðra krakka og einangrast inni í sínu tungumáli, en það er boðið upp á heimanám fyrir tvítyngd börn í 1.-4.bekk sem er af hinu góða að mati hópsins.

Talkennari kemur einu sinni í viku í skólann, hann metur alla 6 ára nemendur að hausti, og kemur síðan „og þjálfar krakka í ákveðnum þáttum“ segir í rýnihópi um sérkennslu. Hann veitir einnig sérkennara ráðgjöf um hvað hægt er að gera til að hjálpa og þjálfra þau börn sem á þurfa að halda.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla sem víkja frá. Það er á ábyrgð umsjónarkennara að gera hana með aðstoð frá sérkennara eða deildarstjóra. Leitað er samþykkis foreldrar þegar námskráin liggur fyrir. Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar einu sinni á ári og er það gert í samstarfi kennaranna. Ef krakkar eru á eftir í lestri eða stafsetningu er átak fyrir hvern og einn þátt en ekki beint einstaklingsáætlun. Notað er ákveðið form á einstaklingsnámskrá, á teymisfundum er farið yfir stöðuna nokkrum sinnum á ári.

Aðstaða og aðbúnaður

Aðstaða fyrir sérkennslu og stuðning er almennt góð að mati rýnihóps um sérkennslu, ekki síst hjá þroskaþjálfra. Það er stærðfræðigagnaver í skólanum og sækja kennarar sér það sem þarf að nota í kennslunni. Sérkennari segir að það þurfi að vera fleiri tíma með þessum börnum og það vantar miklu meira sem þarf að gera og komast kennarar ekki í að gera eins vel og þeir vilja gera því það er svo mikið sem þarf að gera.

Tölvukostur skólans er ekki góður að mati rýnihóps og tekur langan tíma að opna tölvurnar sem dregur úr notkun.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt jákvætt gagnvart nemendum með sérþarfir, að mati rýnihóps um sérkennslu, komið er á vinnuþingum inni í bekkjum og er unnið markvisst með þau börn sem geta ekki myndað tengslin eða eiga erfitt með að samlagast. „Eftir því sem kynningin er betri á þessum börnum gengur allt mun betur“, kemur fram í rýnihópi.

Upplýsingaflæði – samstarf

Mjög gott samstarf við umsjónarkennara á öllum aldursstigum og reglulegir fundir þar sem skipst er á upplýsingum milli sérkennara og umsjónarkennara, að mati rýnihóps um sérkennslu. Kennarar hjálpa hvor öðrum sem dæmi er nefnt að kennari biður annan að hlusta á

barn lesa til að meta stöðu þess. og þroskaþjálfari talar við umsjónarkennara þegar hann þarf. Að mati hópsins einkennir góður starfsandi allt skólastarfið.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Deildarstjórinn hefur samskipti við þjónustumiðstöð vegna mála sem upp koma. Sálfræðingur og félagsráðgjafi frá þjónustumiðstöð koma í skólann til að vinna að málum nemenda. Að mati rýnihóps mætti gera meira af því að nýta sér sérfræðinga en tilhneiging er til að leysa málin innanhúss. Einnig er nefnt í rýnihópnum gott aðgengi að sérfræðingum á Barna- og unglingsgeðdeild.

Námsráðgjöf

Laugarnesskóli hefur gert samning við Laugarlækjarskóla um aðgang að námsráðgjafa. Námsráðgjafi er talsmaður og trúnaðarmaður nemenda. Hann vinnur bæði að einstaklings- og hópráðgjöf. Námsráðgjafi hefur einnig samband við foreldra að fyrra bragði og vinnur í nánú samstarfi við þá eftir því sem við á. Hann hefur samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og utan skólans s.s. sérkennara, talkennara, skólahjúkrunarfræðing og skólasálfræðing; hann vísar málum til þeirra eftir því sem við á. Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði og er almennt við á skólatíma, mánudaga til fimmtudaga (Heimasíða, stoðþjónusta).

Lausnarteymi er starfandi við skólann til þess geta kennarar leitað eftir ráðum. Að mati rýnihóps um sérkennslu hefur lausnarteymið ekki verið nægilega virkt í vetur.

Nemendaverndarráð: Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Nemendaverndarráð skal funda á tveggja vikna fresti. Halda skal fund í nemendaverndarráði ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Fundir ráðsins eru færðir til bókar.

Í nemendaverndarráði Laugarnesskóla eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildastjóri sérkennslu, fulltrúi skólaheilsugæslu, skólasálfræðingur og deildastjóri í 1.-4. bekk. Einnig geta fulltrúar frá Þjónustumiðstöð og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu. Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti (Heimasíða, annar stuðningur).

Ábendingar

- Í kafla um stoðþjónustu á heimasíðu skólans kemur fram að skólinn fylgir meginmarkmiðum stefnu Reykjavíkurborgar um að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir.
- Deildarstjóri í hlutastarfi stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma. Samstarf er gott við deildarstjóran að mati rýnihóps „hún er alltaf tilbúin að hlusta“.

- Í skólanum birtist skóli án aðgreiningar í margbreytileikanum, segir einnig, komið er til móts við nemendur með fjölbreyttum kennsluháttum.
- Sérkennsla og stuðningur fer ýmist fram inni í bekk, í námsveri eða í hegðunarveri.
- Móttökuáætlun og sérstakt móttökuferli er fyrir erlend börn og fyrir þau sem víkja frá.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla sem víkja frá. Það er á ábyrgð umsjónarkennara að gera hana með aðstoð frá sérkennara eða deildarstjóra.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt jákvætt gagnvart nemendum með sérþarfir, komið er á vinnuhópum í bekkjum og unnið markvisst með þau börn sem eiga erfitt með að samlagast.
- Mjög gott samstarf við umsjónarkennara á öllum aldursstigum og reglulegir fundir þar sem skipst er á upplýsingum milli sérkennara og umsjónarkennara, að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Góður aðgangur er að sálfræðingum og öðrum sérfræðingum á þjónustumiðstöð og Laugarnesskóli hefur gert samning við Laugarlækjarskóla um aðgang að námsráðgjafa.
- Lausnarteymi er starfandi við skólann.
- Hlutverk nemendaverndarráðs Laugarnesskóla er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur.

Skólaþróun og mat

Laugarnesskóli hefur á undanförunum árum unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum með það að markmiði að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í starfi skólans (Heimasíða, þróunarstarf). Meðal verkefna eru Byrjendalæsi, Heimilisfræði, Rathlaup ný skólaíprótt, Tengsl markmiða og námsmats, Fagmennska kennara, Lesið í skóginn, jákvæð agastjórnun PBS. Á heimasíðu skólans er að finna lýsingar á verkefnum, markmiðum og framkvæmd. Nokkur þeirra eru unnin í samstarfi við aðra grunnskóla. Sett eru teymi sem bera ábyrgð á framgangi verkefnanna og eru nær allir kennarar skólans í slíku teymi, einu eða fleirum. Laugarnesskóli hefur ítrekað á síðustu árum fengið hvatningarverðlaun og viðurkenningar fyrir þróunarverkefni.

Sjálfsmatsskýrsla Laugarnesskóla fyrir skólaárið 2009-2010 var sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen). Sjálfsmatsskýrsla fyrir árið 2010-2011 er á heimasíðu skólans. Í skýrslunni kemur fram að haustið 2007 skipaði skólastjóri Laugarnesskóla matsteymi og hlutverk þess er að ákveða áherslur, gera framkvæmdaáætlun, vinna úr upplýsingum og sjá um alla úrvinnslu og skýrslugerð. Matsteymið hefur gert matsáætlun til ársins 2012 með það að leiðarljósi að sjálfsmat skólans endurspegli sameiginlega sýn skólans, markmið og sé ekki afmarkað verkefni heldur langtímamiðað. Sjálfsmat Laugarnesskóla á að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarfið, kynna lausnir og umbætur og byggja á virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun? Eftirfarandi matsspurningar eru settar fram og í lokakafli greint frá niðurstöðum matsins.

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
- eru kennsluáferðir og mat á námi líklegt til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta árangur nemenda?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna, nemenda og foreldra?
- Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann? (Sjálfsmatsskýrsla 2010-2011).

Í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2011-2012 eru tilgreind markmið, aðgerðir og ábyrgð, árangur og mæling fyrir alls 15 umbótaþætti sem unnið er að á skólaárinu. Verkefni eru ekki tímasett, hvorki upphaf né lok.

Ábendingar

- Laugarnesskóli hefur á undanförunum árum unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum með það að markmiði að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í starfi skólans.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir árið 2010-2011 er á heimasíðu skólans. Í skýrslunni kemur fram að haustið 2007 skipaði skólastjóri Laugarnesskóla matsteymi og hlutverk þess er að ákveða áherslur, gera framkvæmdaáætlun, vinna úr upplýsingum og sjá um alla úrvinnslu og skýrslugerð.
- Matsáætlun fyrir árin 2008-2012 hefur verið gerð svo og umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Æskilegt er að umbótaaðgerðir séu skýrt fram settar og tilgreint hvernig markmiðum verður náð og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

Virk upplýsingamiðlun

Á heimasíðu er að finna miklar upplýsingar um skólastarfið undir yfirskriftinni skólanámskrá. Þar er m.a. finna handbók Laugarnesskóla með ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra einnig námsvísa í hverri námsgrein.

Í foreldrakönnun 2012 sögðust um 81% foreldra barna í skólanum vera ánægð með almenna upplýsingagjöf frá skólanum og 82% voru ánægð með upplýsingar á heimasíðu skólans sem er rétt yfir meðaltali annarra skóla. Tölvvert minni ánægja var með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekknum en í öðrum skólum í borginni.

Foreldrar í rýnihópi töldu að bæta mætti upplýsingagjöf, Mentor væri of lítið notaður til að skrá inn upplýsingar, eingöngu væri sendur tölvupóstur í gegnum kerfið og upplýsingar um heimanám. Heimasíðu skólans mætti nota meira til að gefa upplýsingar um hvað er á döfinni í stað þess að segja bara frá því sem gerst hefur þegar viðburðum er lokið. Sumum fannst erfitt að greina mikilvægar upplýsingar á síðunni því þar væri svo mikið af upplýsingum.

Ábendingar

- Á heimasíðu er að finna miklar upplýsingar um skólastarfið undir yfirskriftinni skólanámskrá. Þar er m.a. finna handbók Laugarnesskóla með ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra einnig námsvísa í hverri námsgrein.
- Í foreldrakönnun 2012 sögðust rúmlega 80% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf og heimasíðu.
- Foreldrar í rýnihópi töldu að bæta mætti upplýsingagjöf, Mentor væri of lítið notaður til að skrá inn upplýsingar, eingöngu væri sendur tölvupóstur í gegnum kerfið og upplýsingar um heimanám.

Skólanámskrá og námsáætlanir

Starfsáætlun og skólanámskrá Laugarnesskóla fyrir skólaárið 2011-2012 eru á heimasíðu skólans, þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins (sjá meðfylgjandi: Gátlista um starfsáætlun og um skólanámskrá). Sumar upplýsingar í skólanámskrá virðast ekki hafa verið uppfærðar nýlega. Æskilegt er að fram komi hvenær hver kafli var endurskoðaður síðast.

Námsvísar fyrir hverja námsgrein birtast á heimasíðu undir skólanámskrá. Þar er tilgreint hverjar eru megináherslur og markmið fyrir hvern árgang. Í flestum greinum koma fram markmið úr aðalnámskrá fyrir hvern undirþátt greinarinnar, námsgögn, kennsluhættir eða leiðir og námsmat. Fyrir liggur á næstu tveimur árum að endurskoða námsvísa til samræmis við nýja aðalnámskrá.

Nemendur gera ekki vikuáætlun heldur setja sér markmið í náminu, stutt og hnitmiðuð svo þau nái þeim og svo setja þau ný markmið sem þau ná á svona tveimur til þreum vikum, kemur fram hjá kennara. Einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa stuðning og sérkennslu.

Námsáætlanir eru gerðar fyrir tímabilið fram undan, 4-5 vikur hjá yngri deildum og fyrir önnina hjá eldri. Skoðaðar voru áætlanir fyrir 1. og 3. bekk sem eru í formi fréttabréfs til foreldra. Þar kemur fram hvað nemendur eiga að vinna í hverri grein viku fyrir viku, heima og í skólanum. Á áætluninni eru einnig ýmis skilaboð til nemenda og foreldra. Í áætlun fyrir 5. bekk á vorönn kemur fram hvað og hvernig verður unnið í hverri grein og hvernig námsmati verður háttað. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu eru vikuáætlanir nemenda settar inn á Mentor.

Heimasíða

Heimasíða Laugarnesskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Þar er að finna nær allar upplýsingar sem skv. gátlista er ætlast til að birtist þar. Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi þess (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðu mætti nota meira til að foreldrar geti séð hvað er að gerast í skólanum hvern dag en ekki bara fréttir af því sem hefur gerst. Einnig að heimasíðan gagnaðist betur foreldrum til að vita hvert þeir eiga að snúa sér og bregðast við ef eitthvað kemur upp á. Athugasemd er gerð við að heimasíðan sé of stofnanaleg og áætlanir of viðamiklar.

Ábendingar

- Starfsáætlun og skólanámskrá Laugarnesskóla fyrir skólaárið 2011-2012 eru á heimasíðu skólans, þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins.
- Námsvísar fyrir hverja námsgrein birtast á heimasíðu undir skólanámskrá. Þar er tilgreint hverjar eru megináherslur og markmið fyrir hvern árgang.
- Námsáætlanir eru gerðar fyrir tímabilið fram undan, 4-5 vikur hjá yngri deildum og fyrir önnina hjá eldri.
- Heimasíða Laugarnesskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Þar er að finna flestar upplýsingar sem skv. gátlista er ætlast til að birtist þar.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðu mætti nota meira til að foreldrar geti séð hvað er að gerast í skólanum hvern dag en ekki bara fréttir af því sem hefur gerst
- Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að erfitt geti verið að finna upplýsingar sem þarf að nota á síðunni og að birta þurfi skýrar hvað sé á dagskrá frekar en að birta bara fréttir af liðnum viðburðum. Athugasemd er gerð við að heimasíðan sé of stofnanaleg og áætlanir of viðamiklar.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Í sjálfsmatsskýrslu Laugarnesskóla kemur fram að skólinn er umhverfisvænn skóli sem hefur það meðal annars að markmiði að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsfólks, auka skilning á verðmætum í náttúrunni, draga úr sóun verðmæta og bera virðingu fyrir náttúrunni (Sjálfsmatsskýrsla 2010-2011). Lögð er áhersla á umhverfismennt sem er undirgrein í náttúrufræði auk þess sem skólinn hefur sett sér vinnureglur um nánasta umhverfi, endurvinnslu, flokkun, innkaup, vatns- og orkumál.

Skólinn er Grænfánaskóli og hefur haft fánann í eitt ár. Í umbótaáætlun er stefnt að því að víkka út hlutverk Grænfánateymis og stefna að því að verða einnig heilsueflandi skóli.

Í skólanum er starfandi umhverfisteymi nemenda sem hefur það hlutverk að fylgja eftir umhverfisstefnu skólans og minna samnemendur sína á góða umgengni.

Öryggisþættir

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju skólaári og gerður hefur verið gátlisti fyrir alla starfsmenn sem þeir eiga að vinna eftir við rýmingu.

Í Laugarnesskóla er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum með það fyrir augum að leggja fram tillögur að úrbótum og forvörnum. Áhættumat og viðbragðsáætlun frá árinu 2009-2010 liggur fyrir en ekki er ljóst hvort áætlaðar úrbætur hafa komið til framkvæmda.

Ábendingar

- Í sjálfsmatsskýrslu Laugarnesskóla kemur fram að skólinn er umhverfisvænn skóli sem hefur það meðal annars að markmiði að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsfólks, auka skilning á verðmætum í náttúrunni, draga úr sóun verðmæta og bera virðingu fyrir náttúrunni.
- Skólinn er Grænfánaskóli og hefur haft fánann í eitt ár. Í umbótaáætlun er stefnt að því að víkka út hlutverk Grænfánateymis og stefna að því að verða einnig heilsueflandi skóli.
- Í skólanum er starfandi umhverfisteymi nemenda sem hefur það hlutverk að fylgja eftir umhverfisstefnu skólans og minna samnemendur sína á góða umgengni.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju skólaári.
- Í Laugarnesskóla er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum með það fyrir augum að leggja fram tillögur að úrbótum og forvörnum.
- Áhættumat og viðbragðsáætlun frá árinu 2009-2010 liggur fyrir en ekki er ljóst hvort áætlaðar úrbætur hafa komið til framkvæmda.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 63 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 51 stöðugildum, þar af kennarar í 34,6 stöðugildum.

Á heimasíðu Laugarnesskóla er að finna starfsmannastefnu skólans en þar segir:

Starfsmannastefna Laugarnesskóla er grundvölluð á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar, [stefnu Menntasviðs Reykjavíkur í mannauðsmálum](#), [lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#) í 12.gr. og [siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar](#). Gildi skólans lífsgleði, nám, samvinna og kærleikur eru leiðarljós starfsmanna í að skapa góðan vinnustað. Markmið starfsmannastefnu Laugarnesskóla eru að:

- tileinka okkur stefnu og gildi Laugarnesskóla
- benda á leiðir til að bæta líðan, samskipti og vinnuumhverfi í skólanum
- sýna hvort öðru umburðarlyndi og tillitssemi
- virða trúnað við nemendur og samstarfsmenn
- vera vakandi fyrir nýjum sóknarfærum, taka áskorunum og finna nýjar lausnir
- gæta jafnréttis milli einstaklinga
- leiðbeina, hvetja og hrósa fyrir góðan árangur og ræða það sem betur má fara
- ná árangri í starfi
- líða hvorki einelti né kynferðisleg áreitni
- skapa góð vinnuskilyrði og tækifæri til að þroskast í starfi
- samræma kröfur starfs- og einkalífs eins og kostur er
- starfsumhverfið sé öruggt og heilsusamlegt (Heimasíða Laugarnesskóla).

Á heimasíðunni er einnig sagt frá stefnu skólans varðandi ráðningar starfsmanna, viðbrögðum við einelti og áreitni, móttöku nýliða og starfsþróun. Sérstakt mannauðsteymi, skipað fimm fulltrúum starfsmanna í skólanum er starfandi í skólanum. Vinnureglur teymisins eru eftirfarandi:

- Í upphafi skólaárs skal velja: 3 fulltrúa úr hópi kennara á 2. kennarafundi skólaársins. 1 úr hópi stuðningsfulltrúa á 2. fundi stuðningsfulltrúa og 1 úr hópi annarra starfsmanna á 2. fundi þeirra.
- Teymið hittist að jafnaði einu sinni í viku 40 mínútur í senn.
- Skólastjóri er boðaður á alla fundi mannauðsteymisins.
- Teymið skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.
- Fundur er haldinn með stjórnendum í upphafi skólaárs og í janúar.
- Teymið fundar með trúnaðarmönnum eftir þörfum.

Hlutverk mannauðsteymisins er:

- að leita leiða til að bæta starfsandann og starfsánægjuna, t.d. uppákoma/söngur á afmælisdegi starfsmanns o.fl.
- styrkja félagsstarf starfsmanna í samvinnu við starfsmannafélag (leynivínávika, sælkerakvöld, bíóferðir, leikhúsferðir o.fl.).
- að byggja upp jákvæð samskipti og skapa jákvætt andrúmsloft.
- að koma með tillögur að hópefli, t.d. með námskeiðum.
- að taka þátt í móttöku nýrra starfsmanna í samráði við stjórnendur og starfsmannafélag.
- Starfsmenn geta leitað til teymisins til að fá ráðgjöf við lausn málefna sinna.

Niðurstöður Laugarnesskóla í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár hafa verið góðar. Í nýrri könnun sem gerð var í nóv. 2011 mælast viðhorf starfsmanna almennt mjög jákvæð⁷. Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ fékk gildið 8,7⁸ og fullyrðingin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 8,6 en 88% svarenda var mjög sammála eða sammála fullyrðingunum. Fullyrðingin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar míns“ fékk gildið 8,4, sama gildi og árið 2009. Um 78% svarenda eru sammála því að þeir hafi sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf. Mikill meirihluti svarenda (84%) er sammála því að þeir sjái sig áfram í starfi á vinnustaðnum/sviðinu eftir 2 ár.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri afar góður og samstarfið gott. Það kom fram að andinn á vinnustaðnum einkenndist af starfsgleði, jafnræði, virðingu, öflugri stjórnun og miklum og góðum samskiptum. Viðhorf starfsmanna til skólans lýsa sér vel í þessari setningu eins viðmælanda í heildarmati: „Mér finnst ég svo lánsöm að vinna hérna, mér finnst þetta svo æðislegur skóli“.

Þegar starfsmenn voru spurðir að því hverja þeir sæju sem helstu styrkleika skólans var þetta nefnt:

- Hefðirnar, s.s. morgunsöngurinn, Katlagil.
- Mannauðurinn
- Góður starfsandi
- Yfirmaður eldhússins
- Samstaða í starfsmannahópnum
- Jafnræði
- Gott aðgengi að stjórnendum
- Mjög faglegt starf.
- Starfsfólk opin fyrir nýjungum.
- Góð þjónusta við nemendur af erlendum uppruna
- Jákvæðar hliðar hvers og eins vel nýttar.
- Manngæska og virðing gagnvart nemendum.
- Umhverfið og staðsetningin góð
- Stór skólalóð

Eftirtalin atriði voru talin upp sem þættir sem mætti bæta:

- Of mörg þróunarverkefni sem ekki hafa náð almennilega að festa rætur.
- Kjarnastarfsemi líður fyrir aukaverkefnum sem sett eru inn.
- Erfitt fyrir kennara að sinna sérkennslubörnum.
- Vantar meira fjármagn í sérkennslu.
- Byggingin er ákveðinn veikleiki vegna hávaða og ekki hægt að nýta svæði nægilega vel.

⁷ Svarhlutfall í könnuninni var 68% árið 2011.

⁸ Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil (8,0 eða hærra), starfhæft bil (6,0-7,9) og aðgerðabil (5,9 eða lægra).

Samstarf

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmiss konar fundum. Árgangafundir, deildafundir eftir stigum og starfsþróunarfundir eru vikulega. Kennarafundir eru einu sinni í mánuði og starfsmannfundir eru einnig mánaðarlega með þátttöku allra starfsmanna. Sérgreinakennarar eiga ekki fasta fundartíma sérstaklega, heldur funda þegar efni standa til.

Í skólanum eru starfandi nokkur teymi og nefndir sem hafa það verkefni að auka gæði skólastarfsins og stuðla að góðu samstarfi, s.s. mannauðsteymið, námsmatsteymi og umhverfisteymi.

Í viðhorfakönnun 2011 mældust fullyrðingarnar „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ og „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ á styrkleikabili en um 90% svarenda voru þeim sammála.

Starfsmenn í rýnihópum lýstu almennt yfir mikilli ánægju með samstarfið í skólanum, þar væri mikið teymissamstarf og starfsmenn í miklum samskiptum. Fundir væru vel nýttir og kennarar nýttu samstarfsfundi vel til að skipta með sér verkum. Það kom fram að þverfaglegt samstarf væri gott, s.s. á milli þroskajálfa/sérkennara og umsjónarkennara. Yfirmaður eldhússins fékk mikið hrós í rýnihópum og viðtölum fyrir að skila sérstaklega góðu starfi. Það kom fram að erlenda starfsfólkið héldu sér dálítið sér en stjórnendur og starfsmenn reyndu að ýta undir þátttöku þeirra með ýmsum hætti sem hefði borið góðan árangur.

Ábendingar

- Starfsmannastefna Laugarnesskóla er grundvölluð á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar, lögum, reglugerðum og siðareglum kennara.
- Sérstakt mannauðsteymi, skipað fimm fulltrúum starfsmanna í skólanum er starfandi í skólanum.
- Niðurstöður Laugarnesskóla í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár hafa verið góðar.
- Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ fékk gildið 8,7 í starfsánægjukönnun 2011.
- Starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri afar góður og samstarfið gott og andinn á vinnustaðnum einkenndist af starfsgleði, jafnræði, virðingu, öflugri stjórnun og miklum og góðum samskiptum.
- Samstarf starfsfólks er formgert með ýmiss konar fundum. Árgangafundir, deildafundir eftir stigum og starfsþróunarfundir eru vikulega. Kennarafundir eru einu sinni í mánuði og starfsmannfundir eru einnig mánaðarlega með þátttöku allra starfsmanna.
- Í skólanum eru starfandi nokkur teymi og nefndir sem hafa það verkefni að auka gæði skólastarfsins og stuðla að góðu samstarfi.
- Í viðhorfakönnun 2011 mældust fullyrðingarnar „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ og „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ á styrkleikabili en um 90% svarenda voru þeim sammála.
- Starfsmenn í rýnihópum lýstu almennt yfir mikilli ánægju með samstarfið í skólanum og þverfaglegt samstarf væri einnig gott.
- Yfirmaður eldhússins fékk mikið hrós í rýnihópum og viðtölum fyrir að skila sérstaklega góðu starfi.

Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni sem lögð var fyrir í nóv. 2011 eru tvær fullyrðingar sem mæla viðhorf til aðbúnaðar og vinnuaðstöðu. Um 80% svarenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni, „Vinnuaðstaða mín er góð“ en 85% svarenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf“.

Ýmsar athugasemdir komu fram varðandi aðbúnað í rýnihópum. Aðstaðan er sögð of lítil í eldhúsi og þar vanti ýmislegt, s.s. potta og fleira. Einnig kom fram að skrifstofa skólans væri ekki nægilega vel afmörkuð og erfitt væri að komast að þvottuðstöðu fyrir það sem störfuðu í ræstingum. Einnig kom fram að tölvubúnaður væri lélegur og vantaði ýmis forrit.

Það kom þó einnig fram að ákveðinn sjarmi væri yfir húsnæðinu þótt gamalt væri og að sumu leyti óhentugt. Stofurnar væru litlar en ágætlega búnar með tölvu og skjávarpa í hverri stofu. Gott aðgengi er að ljósritun og pappír.

Það kom fram að mikil eldhætta væri í rýminu á fjórðu hæð og notkun þess nú bönnuð. Einnig kom fram að takmarkað rými væri fyrir frístundastarfið og notkun á húsnæðinu eftir vinnutíma, s.s. vegna útleigu á íþróttasal gerði þeim erfitt fyrir sem sjá um þrif.

Ábendingar

- Athuga má hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótast hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í 4 mgr. segir ennfremur: „Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að starfsmenn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar skuli eiga rétt á starfsþróunarsamtölum a.m.k. árlega.

Við matið liggur fyrir símenntunaráætlun Laugarnesskóla fyrir yfirstandandi skólaár. Áætlunin gerir grein fyrir ferli símenntunar og skýrir út frá hvaða þörfum símenntun er ákvörðuð. Einnig gerir áætlunin greind fyrir leiðarljósum Laugarnesskóla hvað varðar starfsþróun. Aðaláherslur í starfsþróun kennara skólaárið 2011-2012 er PBS og einelti, námsmat, fagmennska kennara, læsi til framtíðar, byrjendalæsi og stærðfræði og lausnamiðað ferli til að bæta hegðun. Í jafnréttisstefnu skólans kemur m.a. fram að símenntun og starfsþróun skuli vera aðgengileg báðum kynjum. Í starfsmannastefnu skólans er einnig gerð grein fyrir stefnu og framkvæmd starfsþróunar. Í símenntunaráætlun skólans kemur fram að starfsþróunartímar kennara séu fastir vikulega en starfsþróun annarra starfsmanna séu skipulögð í samráði við þá. Áætluninni fylgir kort þar sem hvert og eitt símenntunarverkefni er útfært. Í áætluninni er einnig gert grein fyrir efni vikulegra starfsþróunartíma kennara; ábyrgð og þátttakendur skilgreindir.

Í viðhorfakönnun 2011 voru 83% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförunum 12 mánuðum. 80% þeirra sem svöruðu töldu fræðslu eða þjálfun hafa nýst vel í starfi. Þá kom fram í könnuninni að 72% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan. Þetta

hlutfall er nokkuð mikið lækkað frá síðustu könnun vorið 2009 en þá höfðu 96% starfsmanna farið í starfsþróunarsamtal. Um 58% svarenda er því sammála að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma.

Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að mikil áhersla væri á símenntun í skólanum og starfsmenn verið í mjög mörgum skólaþróunarverkefnum. Starfsmenn sögðu verkefni hafa verið fjölbreytt en margir söknuðu þess að fá ekki að ráða meiru um sína símenntun sjálfir. Það væru búin að vera mörg og umfangsmikil verkefni og starfsmenn þyrftu nú tíma til að vinna betur úr þeim. Fram kom að fáir fyrirlesarar kæmu utan að og það myndi vera gott og hvetjandi að fá líka góða fyrirlesara utan frá. Í hópi almennra starfsmanna kom fram að þeir fengju einnig tækifæri til símenntunar, stjórnendur bendu gjarnan á slík tækifæri og annað væri skylda s.s. öryggisnámskeið.

Fram kom að starfsþróunarsamtöl hefðu ekki farið fram á þessu ári þegar heildarmat fór fram. Rætt var um að þau hefðu verið mjög gagnleg fyrst, en einhverjum þætti jafnvel nóg að hafa þau annað hvert ár.

Ábendingar

- Við matið liggur fyrir símenntunaráætlun Laugarnesskóla fyrir yfirstandandi skólaár. Áætlunin gerir grein fyrir ferli símenntunar og skýrir út frá hvaða þörfum símenntun er ákvörðuð. Einnig gerir áætlunin greind fyrir leiðarljósum Laugarnesskóla hvað varðar starfsþróun.
- Í viðhorfakönnun 2011 voru 83% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförunum 12 mánuðum. 80% þeirra sem svöruðu töldu fræðslu eða þjálfun hafa nýst vel í starfi.
- Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að mikil áhersla væri á símenntun í skólanum og starfsmenn verið í mjög mörgum skólaþróunarverkefnum. Starfsmenn sögðu verkefni hafa verið fjölbreytt en margir söknuðu þess að fá ekki að ráða meiru um sína símenntun sjálfir.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfakönnun starfsmanna í nóv. 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans mjög jákvæð og svipuð því sem viðhorfakönnun vorið 2009 sýndi. Fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fær gildið 8,9, en 95% svarenda voru henni sammála og enginn ósammála. Um 90% svarenda voru sammála fullyrðingunni „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru 95% svarenda ánægðir með samskipti við yfirmann og 83% svarenda eru því sammála að upplýsingastreymi sé gott.

Í rýnihópum og viðtölum var umræða um stjórnendur afar jákvæð. Stjórnendur eru sagðir mjög sýnilegir og virkir í skólastarfinu. Aðgengi að þeim er einnig sagt mjög gott. Skólastjóri er sögð standa við útidyr skólans alla morgna og bjóða góðan dag ásamt því að taka þátt í morgunsöng. Stjórnendur eru sögð mjög meðvituð um hrós og endurgjöf og styðja vel við bakið á starfsfólki, s.s. ef þau vita um erfiðleika í bekkjum. Það kom fram að skólastjóri væru mjög fær í að greina sterku hliðar starfsmanna og finna þeim verkefni við hæfi. Hún væri jákvæð gagnvart nýjungum og því að finna nýja lausnir. Einnig kom fram að deildarstjóri ynni mjög faglegt starf, væri sýnileg og mikill stuðningur við kennara.

Það kom fram að leitað væri mikið eftir samstarfi við kennara sem væri af hinu góða. Stundum mætti hinsvegar taka ákvarðanir án þess að leita eftir samþykki starfsmanna.

Upplýsingamiðlun var sögð ágæt, notaðir væru m.a. tölvupóstur og upplýsingtafla.

Í viðhorfakönnuninni 2011 voru 85% svarenda sammála fullyrðingunum „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

Ábendingar

- Í viðhorfakönnun starfsmanna í nóv. 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans mjög jákvæð og svipuð því sem viðhorfakönnun vorið 2009 sýndi. Fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fær gildið 8,9, en 95% svarenda voru henni sammála og enginn ósammála.
- Í rýnihópum og viðtölum var umræða um stjórnendur afar jákvæð. Stjórnendur eru sagðir mjög sýnilegir og virkir í skólastarfinu. Aðgengi að þeim er einnig sagt mjög gott.
- Í viðhorfakönnuninni 2011 voru 85% svarenda sammála fullyrðingunum „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti skóla- og frístundasviðs fyrir 2012 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani skóla- og frístundasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. skóla- og frístundasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Laugarnesskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Laugarnesskóla fyrir árið 2011 voru að upphæð 444.411 kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 444.463 þús. kr.

Ábendingar

- Laugarnesskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2011 voru innan fjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar:

Hátt hlutfall nemenda í 2. bekk les sér til gagns skv. lesskimun. Unnið er að þróunarverkefnum viðamiklum sem snúa að námi og kennslu. Um 80% kennslustunda eru metnar góðar eða frábærar. Starfsandi er góður. Foreldrar eru ánægðir með skólann og stjórnun hans.

Veikleikar:

Nemendur af erlendum uppruna samlagast hópnum ekki nógu vel.

Ögranir:

Festa þarf í sessi þróunarverkefni sem unnið hefur verið að á mörgum sviðum skólastarfsins. Gæta þess að álag vegna skólaþróunar sé hæfilegt.

Tækifæri:

Efla upplýsingaflæði til foreldra um skólastarfið, líðan og félagsanda. Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2011 er nokkuð hærri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali og herra hlutfall nemenda í Laugarnesskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (79% miðað við 71%) í borginni allri.
- Niðurstaða skólans í lesskimun vorið 2011 er sú besta frá árinu 2005 en þá var niðurstaða skólans mest yfir meðaltali Reykjavíkur.
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Laugarnesskóla í nóvember 2011. Meðaltalsárangur var mælitalan 10,3 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 11,3.
- Í Laugarnesskóla stóðust 68% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi sem er önnur besta niðurstaða skólans frá því hann hóf þátttöku í skimuninni.
- Meðaltalsárangur nemenda í Laugarnesskóla á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk haustið 2011 er nokkuð yfir meðaltali Reykjavíkur í íslensku en rétt undir meðaltali í stærðfræði.
- Skólinn er oftast rétt við eða undir meðaltali Reykjavíkur í íslensku og stærðfræði.

Stjórnun og skipulag

- Skólastjóri leggur áherslu á að vera faglegur leiðtogi og leiða faglegt starf í skólanum. Hún hefur átt frumkvæði að fjölda þróunarverkefna og kveikt áhuga starfsfólks á þeim.
- Stjórnendateymi fundar vikulega, í því eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngri deilda og deildarstjóri sérkennslu.
- Skipurit skólans er á heimasíðu skólans það endurspeglar starfsemina í skólanum. Starfslýsingar eru einnig á heimasíðu.
- Fundartímar starfsmanna eru bundnir þrisvar í viku eftir kennslu fyrir samstarfsfundi árganga, starfsþróunarfundi og starfsmannafundi sem eru á föstum fundartíma ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2012 töldu 93% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 54% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er marktækt hærri en að meðaltali í borginni.

- Starfsmenn í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum og segja skólastjóra fylgjast vel með. Stjórnendur eru sýnilegir í skólstarfinu, en mættu gera meira af því að koma í skólastofur í heimsókn og veita endurgjöf.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólastjórann, hún „labbar um skólann og þekkir krakkana með nafni“ og þau sjá skólastjórnendur í morgunsöngnum.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja. Á töflu 1.- 4. bekkjar eru skráðir 30 tímar á viku og á töflu 5. og 6. bekkja 35 nemendatímar.
- Samstarf við foreldra er mikið og gott að sögn skólastjóra og foreldrafélagið sérstaklega öflugt núna.
- Reglulegt samstarf er við leikskólana í hverfinu, sem felst í fundum stjórnenda og kennara og heimsóknum sex ára barna í skólann.
- *Laugarnes á ljúfum nótum* er samstarfsverkefni allra stofnana í hverfinu, m.a. er haldin stór hátíð með þátttöku allra í hverfinu að vori

Stefna og starfsáætlun

- Starfsáætlun liggur ekki fyrir sem heildstætt skjal en upplýsingar á heimasíðu Laugarnesskóla um starf skólans eru að mestu leyti í samræmi við það sem birta skal í starfsáætlun.
- Stefna skólans kemur fram í stefnukorti sem birt er á heimasíðu. Stefna skólans er í góðu samræmi við stefnumótun skólayfirvalda.
- Gildi skólans eru: Lífsgleði, Nám, Samvinna, Kærleikur. Þau mynda kjarnann í stefnukortinu og eru nánar skilgreind þar.
- Skoða þarf hvernig grunnþættir nýrrar aðalnámskrár birtast í skólanámskrá skólans.
- Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011 kemur fram að nær allir starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins.

Nemendur og líðan

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2011 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Laugarnesskóla svipuð og í öðrum grunnskólum í Reykjavík þar sem flestum nemendum líður almennt vel að strákum í 6. bekk undanskildum. Strákum í 5. bekk fannst námið mun oftar of erfitt en öðrum nemendum sem spurðir voru.
- Í könnunum Skólapúlsins á skólaárinu hefur ánægja af lestri dalað nokkuð, en er þó yfir landsmeðaltali og meðaltali sambærilegra skóla.
- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út í vormælingu en haustmælingu skólans og er meðaltal skólans yfirleitt nálægt meðaltali sambærilegra skóla. Stelpur virðast hreyfa sig nokkuð minna en strákar.
- Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma almennt mjög vel út og er skólinn langt yfir meðaltali sambærilegra skóla og oft landsmeðaltali. Lítil kynjamunur er á þessum mælikvörðum.
- Foreldrar barna í Laugarnesskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt mjög góða, hlutfallið var lægra hvað snerti líðan í frímínútum.
- Í foreldrakönnun Laugarnesskóla 2012 sögðu 8% foreldra barn sitt hafa orðið fyrir einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum sem er mikil lækkun frá fyrri könnun 2010. Foreldrar eru ánægðari en almennt í öðrum skólum með hvernig tekið er á eineltinu í skólanum.
- Nemendur í rýnihópum tala flest um að allir séu vinir í skólanum, nemendum líði vel og lítið sé um einelti.

Stjórn nemendafélags

- Nemendur Laugarnesskóla velja fulltrúa sína í svokallað Hugmyndaráð Laugarnesskóla. Í því sitja bekkjarfulltrúar úr 2.-6. bekk en hver bekkur kys sinn fulltrúa og varamann hans.
- Á fundum beggja ráðanna komu fulltrúar með sínar hugmyndir og annarra nemenda, t.d. um félagslíf skólans, mötuneyti og frímínútur
- Hjá báðum ráðunum er fundað þrisvar í mánuði og stundum hittast ráðin saman og funda.
- Eldra hugmyndaráðið hittir reglulega skólustjóra og yfirmann skólamötuneytis þegar ræða þarf sérstök mál þeim tengd.
- Fulltrúar í eldra Hugmyndaráðinu líta svo á að þau séu tengiliðir nemenda við skólann og að í gegnum þá fái rödd nemenda að heyrast.
- Skólaráðsfulltrúar eru alltaf einhverjir úr eldra Hugmyndaráði

Reglur og agi

- Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans undir skólanámskrá. Þar kemur fram að lögð er áhersla á að byggja upp jákvæðan starfsanda í samvinnu allra sem starfa í Laugarnesskóla. (Skólanámskrá, skólareglur). Reglurnar uppfylla að nær öllu leyti þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 1040/2011), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.
- Skólareglurnar eru skýrar og sýnilegar að mati starfsfólks og umgengnisreglum er fylgt eftir. Bekkjarreglur setja sumir kennarar hjá sér og þá í samráði við nemendur.
- Unnið er eftir PBS-stefnu sem er heildstætt vinnulag sem styður skóla við að koma á góðum og jákvæðum aga og „gengur út á styrkingu og hrós“ eins og segir í rýnihópi kennara.
- Skólabragur er jákvæður að mati rýnihópa og byggir á virðingu, en hegðun nemenda misjöfn og ólík eftir árgöngum.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur „höfum heyrt þær þúsund sinnum“ og þeim finnst þær „sanngjarnar og finar“. smellir eru líka finir, segja þau, en „sumir kennarar gefa fáa og sumir of marga“.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2012 kom fram að um 87% svarenda í Laugarnesskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (80%).

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í heildina kemur skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2012. 91% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann og 93% foreldra telja skólanum vera vel stjórnað. Skólinn hefur undanfarin ár komið vel út í þessum spurningum.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil í skólanum fyrir árið 2012 en þó aðeins undir meðaltali borgarinnar. Sérstaklega mætti skoða upplýsingagjöf til foreldra um líðan og félagsanda í bekk.
- Um 78% svarenda fannst skólinn gera hæfilegar námslegar kröfur til barnsins síns sem er svipað og í öðrum grunnskólum en fleiri foreldrar voru ánægðir með agamál í Laugarnesskóla en að jafnaði í öðrum skólum.
- Miðað við könnunina frá 2010 voru jákvæðar niðurstöður um líðan nemenda og einelti en ánægja foreldra með gæslu á skólalóð og námsmat í skólanum minnkaði.
- Foreldrar í rýnihópi telja samskipti opin og þægileg við starfsfólk og stjórnendur í skólanum og vilji sé til að hlusta á hugmyndir foreldra um skólastarfið. Þeir telja starfsfólk áhugasamt fyrir því að fá foreldra inn í skólastarfið.

- Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er að þar fari saman ákveðin íhaldssemi og þróunarstarf sem vinni vel saman. Kennarar hafi metnað fyrir hönd barnanna og hafi trú á þeim.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrar í rýnihópi eru segja samvinnu í skólaráðinu góða og þeir fá góða innsýn í skólastarfið með setu sinni þar. Fleiri foreldrar mættu þekkja hlutverk og fulltrúa skólaráðsins en foreldrar leiti beint til skólastjóra eða foreldrafélags með mál.
- Ágæt virkni er í foreldrafélagi skólans og foreldrar telja skólann styðja vel við foreldrasamstarf og hvetja til þess. Verið er að móta stefnu um foreldrasamstarf.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á nám við hæfi hvers og eins í framkvæmd kennslunnar og í skólaþróun. Leiðarljósið er fjölbreyttir og skapandi starfshættir. Gildi skólans eru: Lífsgleði, Nám, Samvinna, Kærleikur.
- Námsvísar fyrir hverja námsgrein birtast á heimasíðu undir skólanámskrá. Þar er tilgreint hverjar eru megináherslur og markmið fyrir hvern árgang.
- Í rýnihópi kennara kemur fram að áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti og fjöldi þróunarverkefna verið unnin á sl. 10 árum.
- Nemendur í rýnihópi á yngri stigi sögðu kennarana í skólanum góða og þá „kunna að kenna“ þannig að krakkarnir skildu þá. Um kennsluhættina nefndu þau flest að kennarinn stæði við töfluna og útskýrði efnið.
- Nemendur í rýnihópi á miðstigi sögðu kennarara þekkja kennsluefnið vel og það væri fjölbreyttni í kennslunni. Sérstaklega voru þau ánægð með vettvangsferðir til að kenna námsefnið. Mikið væri um verkefnavinnu og hópavinnu sem oft enduðu með sýningum.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 38% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögnum/umræður voru í um 25% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 15% tilvika
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 11% stunda frábærar, 68% góðar, 21% viðunandi og engin óviðunandi.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Að mati kennara í rýnihópum felst sérstaða skólans m.a. í því að hann er yngri barna skóli og að sett eru markmið í lestrarkennslu. Einnig er nefnd umhverfisvernd, það eru sett upp leikrit, við erum með morgunsöng og staðsetning skólans hjálpar við útikennslu. Skólasel í Katlagili mótar líka sérstöðu skólans.
- Í 2.-6. bekk eru valstundir og markmiðið með þeim er að nemendur geti valið sér fjölbreytt, skapandi eða hlutbundin verkefni út frá sínum styrkleika og áhuga.
- Í námsmatstefnu Laugarnesskóla sem birt undir skólanámskrá á heimasíðu skólans kemur fram að námsmat er bæði formlegt og óformlegt. Vitnisburður er gefinn fyrir virkni annars vegar og færni/leikni hins vegar ásamt umsögn í orðum fyrir hverja námsgrein.
- Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í Laugarnesskóla felast í að aðlaga nám og kennslu að hæfileikum og áhuga hvers og eins. Skólastarfið var metið út frá matstæki um

einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn vel áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 4 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.

- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Skóli án aðgreiningar

- Í kafla um stoðþjónustu á heimasíðu skólans kemur fram að skólinn fylgir meginmarkmiðum stefnu Reykjavíkurborgar um að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir.
- Deildarstjóri í hlutastarfi stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma. Samstarf er gott við deildarstjóran að mati rýnihóps „hún er alltaf tilbúin að hlusta“.
- Í skólanum birtist skóli án aðgreiningar í margbreytileikanum, segir einnig, komið er til móts við nemendur með fjölbreyttum kennsluháttum.
- Sérkennsla og stuðningur fer ýmist fram inni í bekk, í námsveri eða í hegðunarveri.
- Móttökuáætlun og sérstakt móttökuferli er fyrir erlend börn og fyrir þau sem víkja frá.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla sem víkja frá. Það er á ábyrgð umsjónarkennara að gera hana með aðstoð frá sérkennara eða deildarstjóra.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt jákvætt gagnvart nemendum með sérþarfir, komið er á vinnuhópum í bekkjum og unnið markvisst með þau börn sem eiga erfitt með að samlagast.
- Mjög gott samstarf við umsjónarkennara á öllum aldursstigum og reglulegir fundir þar sem skipst er á upplýsingum milli sérkennara og umsjónarkennara, að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Góður aðgangur er að sálfræðingum og öðrum sérfræðingum á þjónustumiðstöð og Laugarnesskóli hefur gert samning við Laugarlækjarskóla um aðgang að námsráðgjafa.
- Lausnarteymi er starfandi við skólann.
- Hlutverk nemendaverndarráðs Laugarnesskóla er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur.

Skólaþróun og mat

- Laugarnesskóli hefur á undanförunum árum unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum með það að markmiði að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í starfi skólans.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir árið 2010-2011 er á heimasíðu skólans. Í skýrslunni kemur fram að haustið 2007 skipaði skólustjóri Laugarnesskóla matsteymi og hlutverk þess er að ákveða áherslur, gera framkvæmdaáætlun, vinna úr upplýsingum og sjá um alla úrvinnslu og skýrslugerð.
- Matsáætlun fyrir árin 2008-2012 hefur verið gerð svo og umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Æskilegt er að umbótaáðgerðir séu skýrt fram settar og tilgreint hvernig markmiðum verður náð og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

Virk upplýsingamiðlun

- Á heimasíðu er að finna miklar upplýsingar um skólastarfið undir yfirskriftinni skólanámskrá. Þar er m.a. finna handbók Laugarnesskóla með ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra einnig námsvísa í hverri námsgrein.
- Í foreldrakönnun 2012 sögðust rúmlega 80% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf og heimasíðu.

- Foreldrar í rýnihópi töldu að bæta mætti upplýsingagjöf, Mentor væri of lítið notaður til að skrá inn upplýsingar, eingöngu væri sendur tölvupóstur í gegnum kerfið og upplýsingar um heimanám.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Í sjálfsmatsskýrslu Laugarnesskóla kemur fram að skólinn er umhverfisvænn skóli sem hefur það meðal annars að markmiði að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsfólks, auka skilning á verðmætum í náttúrunni, draga úr sóun verðmæta og bera virðingu fyrir náttúrunni.
- Skólinn er Grænfánaskóli og hefur haft fánann í eitt ár. Í umbótaáætlun er stefnt að því að víkka út hlutverk Grænfánateymis og stefna að því að verða einnig heilsueflandi skóli.
- Í skólanum er starfandi umhverfisteymi nemenda sem hefur það hlutverk að fylgja eftir umhverfisstefnu skólans og minna samnemendur sína á góða umgengni.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju skólaári.
- Í Laugarnesskóla er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum með það fyrir augum að leggja fram tillögur að úrbótum og forvörnum.
- Áhættumat og viðbragðsáætlun frá árinu 2009-2010 liggur fyrir en ekki er ljóst hvort áætlaðar úrbætur hafa komið til framkvæmda.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Starfsmannastefna Laugarnesskóla er grundvölluð á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar, lögum, reglugerðum og siðareglum kennara.
- Sérstakt mannaústeymi, skipað fimm fulltrúum starfsmanna í skólanum er starfandi í skólanum.
- Niðurstöður Laugarnesskóla í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár hafa verið góðar.
- Fullyrðingin „Á heildina lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ fékk gildið 8,7 í starfsánægjukönnun 2011.
- Starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri afar góður og samstarfið gott og andinn á vinnustaðnum einkenndist af starfsgleði, jafnræði, virðingu, öflugri stjórnun og miklum og góðum samskiptum.
- Samstarf starfsfólks er formgert með ýmiss konar fundum. Árgangafundir, deildafundir eftir stigum og starfsþróunarfundir eru vikulega. Kennarafundir eru einu sinni í mánuði og starfsmannfundir eru einnig mánaðarlega með þátttöku allra starfsmanna.
- Í skólanum eru starfandi nokkur teymi og nefndir sem hafa það verkefni að auka gæði skólastarfsins og stuðla að góðu samstarfi.
- Í viðhorfakönnun 2011 mældust fullyrðingarnar „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ og „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ á styrkleikabili en um 90% svarenda voru þeim sammála.
- Starfsmenn í rýnihópum lýstu almennt yfir mikilli ánægju með samstarfið í skólanum og þverfaglegt samstarf væri einnig gott.
- Yfirmaður eldhússins fékk mikið hrós í rýnihópum og viðtölum fyrir að skila sérstaklega góðu starfi.
- Athuga má hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

- Við matið liggur fyrir símenntunaráætlun Laugarnesskóla fyrir yfirstandandi skólaár. Áætlunin gerir grein fyrir ferli símenntunar og skýrir út frá hvaða þörfum símenntun er ákvörðuð. Einnig gerir áætlunin greind fyrir leiðarljósum Laugarnesskóla hvað varðar starfsþróun.
- Í viðhorfakönnun 2011 voru 83% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförunum 12 mánuðum. 80% þeirra sem svöruðu töldu fræðslu eða þjálfun hafa nýst vel í starfi.
- Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að mikil áhersla væri á símenntun í skólanum og starfsmenn verið í mjög mörgum skólaþróunarverkefnum. Starfsmenn sögðu verkefnið hafa verið fjölbreytt en margir söknuðu þess að fá ekki að ráða meiru um sína símenntun sjálfir.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- Í viðhorfakönnun starfsmanna í nóv. 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans mjög jákvæð og svipuð því sem viðhorfakönnun vorið 2009 sýndi. Fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fær gildið 8,9, en 95% svarenda voru henni sammála og enginn ósammála.
- Í rýnihópum og viðtölum var umræða um stjórnendur afar jákvæð. Stjórnendur eru sagðir mjög sýnilegir og virkir í skólastarfinu. Aðgengi að þeim er einnig sagt mjög gott.
- Í viðhorfakönnuninni 2011 voru 85% svarenda sammála fullyrðingunum „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

Fjármál

- Laugarnesskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2011 voru innan fjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla, almennur hluti 2011.

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur. Sögulegt yfirlit 1994-2002.2002. Reykjavík. Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Hagir og líðan barna í Laugarnesskóla í Reykjavík. 2011. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Laugarnesskóli vorið 2011. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli í Laugarnesskóla haustið 2011. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Sjálfsmatsskýrsla Laugarnesskóla 2010-2011.

Skólahandbók . Laugarnesskóli. 2010.

Skólapúlsinn. www.skolapulsinn.is

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2011. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Laugarnesskóli. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011. Laugarnesskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Laugarnesskoli.is

Fylgiskjöl

1. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur